



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

- Frumdrög -

Endurskoðun á heildsölugjaldskrá Mílu fyrir bitastraumsaðgang (Markaður 5/2008)

Skjal númer	2014120058
Dagsetning	14. desember 2016

Hér með er óskað viðbragða allra hlutaðeigandi aðila við þeim frumdrögum sem hér liggja fyrir. Allar athugasemdir skulu gerðar með greinanlegum hætti þar sem vísað er í númer skjalsins og þá liði sem um ræðir. Senda skal athugasemdir með pósti eða með tölvupósti á neðangreinda aðila eigi síðar en **9. janúar 2017**.

Póst og fjarskiptastofnun

Suðurlandsbraut 4

108 Reykjavík

Sími 510-1500

Hulda Ástþórsdóttir, netfang: hulda@pfs.is

**EFNISYFIRLIT****Bls.**

1	Inngangur	4
1.1	Ákvörðun PFS nr. 21/2014	4
1.2	Gjaldskrá Mílu	7
1.3	Bréfaskipti við Mílu	9
2	Niðurstaða PFS	11
2.1	Almennt	11
2.2	Vegið meðaltal fjármagnskostnaðar	11
2.2.1	Kostnaðargreining Mílu	11
2.2.2	Afstaða PFS	12
2.3	Aðgangsléið 1	13
2.3.1	Kostnaðargreining Mílu	13
2.3.1.1	Rekstrarkostnaður	14
2.3.1.2	Fjárfestingarkostnaður	17
2.3.1.3	Kostnaður við fjárbindingu	23
2.3.1.4	Tekjur af tengiskilum, flutningi á margvarpi, IP talsímaþjónustu og stofngjöldum	25
2.3.1.5	Heildarkostnaður	25
2.3.1.6	Fjöldi línúgilda	26
2.3.1.7	Útreikningur leiguverðs á Aðgangsléið 1	28
2.3.1.8	Áhrif verðbreytinga	29
2.3.2	Afstaða PFS	29
2.3.2.1	Rekstrarkostnaður	29
2.3.2.2	Fjárfestingarkostnaður	30
2.3.2.3	Kostnaður við fjárbindingu	31
2.3.2.4	Heildarkostnaður	31
2.3.2.5	Fjöldi línúgilda	31
2.3.2.6	Útreikningur leiguverðs	32
2.4	Aðgangur að tengiskilum á heildsöluskiptum og sambærilegum búnaði	34
2.4.1	Kostnaðargreining Mílu	34
2.4.2	Afstaða PFS	35
2.5	Flutningur á sjónvarpsefni (Margvarp, e. Multicast) og myndleigufni (e. Unicast)	35
2.5.1	Kostnaðargreining Mílu	35
2.5.2	Afstaða PFS	37



2.6	IP talsímaþjónusta (VoIP)	37
2.6.1	Kostnaðargreining Mílu	37
2.6.2	Afstaða PFS	38
2.7	Aðgangsléið 3	38
2.7.1	Kostnaðargreining Mílu	38
2.7.2	Afstaða PFS	39
2.8	Samtengingar internetþjónustuaðila við xDSL og GPON kerfi Mílu vegna aðgangsléiðar 3	39
2.8.1	Kostnaðargreining Mílu	39
2.8.2	Afstaða PFS	39
2.9	Aðgangsléið 2	40
2.9.1	Kostnaðargreining Mílu	40
2.9.2	Afstaða PFS	40
2.10	Opinn sýndaraðgangur (VULA)	41
2.10.1	Kostnaðargreining Mílu	41
2.10.2	Afstaða PFS	45
2.11	Niðurstaða PFS	46

1 Inngangur

Verðskrá Mílu ehf. (Mílu) fyrir bitastraumsaðgang sem hér er til umfjöllunar byggir á þeim kvöðum sem lagðar voru á fyrirtækið með ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) nr. 21/2014, dags. 13. ágúst 2014.

Þær vörur sem verðskrá Mílu nær til tilheyra heildsölumarkaði fyrir bitastraumsaðgang sem er markaður nr. 5 samkvæmt tilmælum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) frá árinu 2008¹ (markaður 5/2008).

Fyrirhuguð ákvörðun PFS um heildsölugjaldskrá Mílu fyrir bitastraumsaðgang er nú birt til samráðs hér á landi svo hagsmunaaðilar geti tjáð sig um fyrirhugaða niðurstöðu PFS.

PFS mun síðan senda ákvörðunardrögin til ESA og annarra eftirlitsstofnana á EES-svæðinu til samráðs, sbr. ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, og 7. gr. rammatilskipunar ESB.

Í eftirfarandi köflum er farið nánar yfir lagaforsendur, aðferðafræði og útreikninga sem leiddu til niðurstöðu PFS. Texti ákvörðunardraganna lýsir fyrirhugaðri afstöðu PFS sem getur tekið breytingum þar til endanleg ákvörðun er tekin, m.a. vegna athugasemda frá hagsmunaaðilum. Lesa ber orðalag draganna í því samhengi.

1.1 Ákvörðun PFS nr. 21/2014

Með ákvörðun PFS nr. 21/2014, dags. 13. ágúst 2014, útnefndi PFS Mílu sem fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk á markaði fyrir heildsöluaðgang að föstum aðgangsnetum (Markaður 4/2008) og markaði fyrir breiðbandsaðgang í heildsölu (Markaður 5/2008).

Með heimild í 32. gr. fjarskiptalaga lagði PFS kvöð á Mílu um eftirlit með gjaldskrá vegna bitastraumsaðgangs með DSL tækni (s.s. samkvæmt VDSL og ADSL stöðlum). Míla skyldi leggja fyrir stofnunina til samþykktar heildsölugjaldskrá fyrir aðgang að bitastraumi á mismunandi stöðum í netinu í samræmi við tiltekna aðgangssleiðir, þar sem einnig er tekið tillit til mismunandi bandbreiddar og gæða.

Í ákvörðuninni kom fram að Míla skyldi jafnframt leggja fyrir stofnunina til samþykktar heildsölugjaldskrá fyrir hýsingu á búnaði annarra fjarskiptafyrirtækja og aðgang að annarri aðstöðu vegna bitastraums, auk aðgangs að stoðkerfum og upplýsingum sem nauðsynlegar eru til þess að bitastraumur nýtist fyrir kaupandann. Tryggt skyldi á hverjum tíma að gjaldskráin innihéldi alla þá bitastraumsþjónustu í heildsölu sem væri í boði hjá Mílu, til tengdra fyrirtækja, þ.m.t. margvarp til að gera IPTV þjónustu mögulega og tækni sem gerir VoIP þjónustu mögulega. Jafnframt ber Mílu að endurskoða vöruframboð í gjaldskrá sinni í takt við þarfir markaðarins á hverjum tíma og ef sanngjarnar beiðnir berast í samræmi við aðgangskvöð. Míla skal birta heildsölugjaldskrá og skilmála fyrir alla DSL bitastraumsþjónustu sína sem veitt er um koparheimtaugar. Allar viðbætur og breytingar á gjaldskránni skulu fyrirfram samþykktar af PFS og taka ekki gildi fyrr en slíkt samþykki hefur verið veitt.

Í kostnaðargreiningu Mílu skal við verðlagningu á mismunandi þjónustu leggja kostnaðarlegt mat á hlutdeild Internetþjónustu, símaþjónustu (VoIP) og dreifingar myndefnis (IPTV/VoD) í

¹ ESA hefur nú gefið út ný tilmæli ESA um skilgreiningu á heildsölumörkuðum fjarskiptaþjónustu: „EFTA Surveillance Authority Recommendation of 11 May 2016 on relevant product and service markets within the electronic communications sector susceptible to *ex ante* regulation in accordance with the Act referred to at point 5cl of Annex XI to the EEA Agreement (*Directive 2002/21/EC of the European Parliament and of the Council on a common regulatory framework for electronic communication networks and services*).”



nýtingu bitastraumskerfis Mílu. Til grundvallar skal leggja fjölda og stærð tenginga, magn umferðar og mismunandi kröfur um forgang og gæðastýringar (e. Quality of Service - QoS) í kerfi Mílu.

Míla skal útbúa sérstaka gjaldskrá fyrir forgangs- og gæðastýrðan aðgang fyrir flutning myndefnis með margvarps (e. multicast) tækni (IPTV) yfir DSL kerfi Mílu og gagnvirkan flutning vegna myndleigu (VoD). Sama gildir um forgangs- og gæðastýrðan flutning bitastraums vegna IP símaþjónustu (VoIP). Gjaldskrá skal miðast við aðgangsleiðir 1-3 eftir því sem það er tæknilega mögulegt og skal í megindráttum miða við eftirfarandi uppbyggingu gjaldskrár.

- a) Aðgangur með mikilli bandbreidd án gæðaskilgreininga (e. Best Effort) fyrir almenna Internetþjónustu.
- b) Aðgangur með mikilli bandbreidd þar sem gerðar eru miklar kröfur til gæða (QoS) vegna IP sjónvarpsdreifingar (IPTV) með margvarps (e. multicast) tækni.
- c) Aðgangur með mikilli bandbreidd þar sem gerðar eru miklar kröfur til gæða (QoS) vegna IP myndleigu (VoD) með gagnvirkum flutningi bitastraums.
- d) Aðgangur sem notar litla bandbreidd en gerir miklar kröfur til gæða vegna IP talsímaþjónustu (VoIP).

Framangreind afhending bitastraums yfir koparheimtaugar (DSL tækni), með mismunandi gæðastýringum og afköstum, skal vera í boði á mismunandi stöðum í netinu í samræmi við aðgangsleiðir 1-3 með eftirfarandi hætti:

1. Í DSLAM eða jafngildum búnaði á þeim stað þar sem koparheimtaugar tengjast tengigrind símsstöðvar, götuskáp eða öðru tækjarými. (Leið 1).
2. Eftir ATM/IP flutning í stofnlínuneti Mílu, þ.e. Míla annast flutning á merkjunum frá DSLAM til tengipunkts annars fjarskiptafyrirtækis við ATM/IP stofnlínunetið. (Leið 2).
3. Eftir flutning með ATM/IP á stofnlínuneti Mílu að tengipunkti annars fjarskiptafyrirtækis við síðarnefnda netið. (Leið 3).

Í þeim götuskápum þar sem Míla hefur nýtt sér undanþágu frá kvöð um að veita aðgang að hluta heimtaugar (e. sub loop), skal Míla bjóða sýndarnetsaðgang að hluta heimtaugar (VULA).

Í samræmi við 32. gr. laga um fjarskipti, skal gjaldskrá fyrir viðkomandi DSL bitastraumsþjónustur vera kostnaðarviðmiðuð.

Í ákvörðuninni var breytt því fyrirkomulagi varðandi heildsöluskipta sem tók gildi með ákvörðun 38/2012 um aðgangsleið 1, þ.e. að kostnaður við heildsöluskipta væri greiddur beint af kaupanda aðgangsleiðarinnar. Þar kom fram að ef Míla tæki þá ákvörðun að notast áfram við heildsöluskipta skyldi sá kostnaður reiknast inn í hefðbundin aðgangsverð.

Við framkvæmd kostnaðargreiningar sinnar skal Míla byggja á IV. kafla reglugerðar nr. 564/2011 um bókhald og kostnaðargreiningu í rekstri fjarskiptafyrirtækja, s.s. um mat rekstrarfjármuna, líftíma og ávöxtunarkröfu. Jafnframt skal tekið tillit til afstöðu PFS sem fram kom um forsendur og útreikninga í ákvörðun stofnunarinnar nr. 7/2010 varðandi kostnaðargreiningu fyrir bitastraumsaðgang. Taka skal tillit til fyrirmæla PFS um mismunandi aðgangsleiðir, auk mismunandi bandbreiddar og gæðastýringa.

Kostnaðargreining Mílu fyrir bitastraumsaðgang með DSL tækni skal byggja á eftirfarandi meginforsendum:



- Kostnaðargreiningin skal ná yfir aðgang með DSL tækni (s.s. ADSL og VDSL staðla), miðað við aðgangsleiðir 1-3. Verð fyrir sýndarnetsaðgang að hluta heimtaugar (VULA) með VDSL tækni skal einnig reiknað.
- Leiða skal fram grunnverð bitastraumsþjónustu fyrir almenna Internetþjónustu (e. Best effort) án endabúnaðar, auk verðs fyrir gæðastýrðan (QoS) bitastraumsaðgang, þ.e. flutnings sjónvarpsefnis (e. multicast), myndleigufnis (e. unicast) og IP talsímaþjónustu (VoIP).
- Gjaldskrá Mílu skal auk framangreinds innihalda að lágmarki verð fyrir allar bitastraumsþjónustur og tengingar sem veittar eru í dag til eigin þjónustudeilda, eða annarra tengdra aðila eða samstarfsaðila, svo og til annarra fjarskiptafélaga.
- Kostnaðargrunnur (e. cost base) skal vera sögulegur kostnaður (HCA) Mílu sem byggir á síðast liðnu fjárhagsári hverju sinni.
- Aðferðarfræði (e. methodology) skal byggjast á því að allur kostnaður sé heimfærður á viðkomandi þjónustu (FAC).
- Heimfærsla kostnaðar byggir á bókhaldslegum aðskilnaði bitastraumsþjónustu í heildsölu, eignabókhaldi Mílu og kostnaði úr bókhaldskerfi félagsins þar sem rekstrarkostnaður er skráður á bókhaldslykla.
- Fanga skal rekstrarkostnað (OPEX) bitastraumskerfisins, þ.m.t. hlutdeild í óbeinum kostnaði, s.s. stjórnun og upplýsingatækni, í samræmi við bókhaldslegan aðskilnað.
- Við mat fjárfestingar (CAPEX) skal byggja á sviptivirði rekstrarfjármuna, þar sem tekið er tillit til næstu kynslóða aðgangsneta (NGA).
- Við mat á kostnaði aðgangshluta (e. Access) kerfisins skal taka tillit til hlutdeildar í uppsetningar-, fjárfestingar- og rekstrarkostnaði heildsöluskipta.
- Mat á líftíma rekstrarfjármuna skal endurspeglar nýtingarvirði eigna.
- Beita skal árgreiðsluáðferð til að reikna árlegan kostnað vegna rekstrarfjármuna. Heimilt er að notast við verðþróunar árgreiðsluáðferðina (e. Tilted Annuity Depreciation Method) byggt á áætlun um svipti- eða endurkaupsvirði (e. Gross Replacement Cost - GRC) bitastraumskerfisins. Kostnaður af heildarfjölda tenginga og bandbreiddar er reiknaður.
- Miða skal við raun ávöxtunarkröfu sem byggist á vegnu meðaltali fjármagnskostnaðar² (WACC real) af fjármagni sem bundið er í eignum sem notaðar eru í sambandi við framboð þjónustu, þar sem áhættuálag endurspeglar áhættu sem tengist starfsemi á viðkomandi markaði.
- Heimilt er að miða við allt að 30 daga fjárbindingu í veltufjármunum (e. Working Capital) til að tryggja eðlilegan rekstur.
- Meðaltals einingarkostnaður einstakra bitastraums aðgangsjónustna er reiknaður sem meðaltalskostnaður fyrir landið allt á grundvelli heimfærðs rekstrar- og fjárfestingarkostnaðar að teknu tilliti til mismunandi aðgangsleiða, fjölda tenginga, bandbreiddar og gæðastýringa þeirra.

Við ákvörðun gjaldskrár skyldi Míla byggja á framangreindum meginforsendum við kostnaðargreiningu sína og leggja fyrir PFS í síðasta lagi sex mánuðum frá birtingu umræddrar ákvörðunar PFS nr. 21/2014. Gjaldskráin skyldi síðan endurskoðuð árlega í samræmi við árlega

² Í samræmi við 16. gr. reglugerðar nr. 564/2011 ákvarðar PFS árlega ávöxtunarkröfu fjármagns (WACC) sem fjarskiptafyrirtæki skulu miða við í útreikningum sínum.



uppfærslu kostnaðargreiningarinnar. Ný heildsölugjaldskrá fyrir bitastraumsaðgang tæki ekki gildi fyrr en samþykki PFS lægi fyrir í kjölfar innanlandssamráðs og samráðs við ESA hverju sinni.

Núverandi heildsölugjaldskrá Mílu fyrir bitastraumsaðgang skyldi gilda þar til ný kostnaðargreind gjaldskrá læg fyrir og hefði verið samþykkt af PFS.

1.2 Gjaldskrá Mílu

Núverandi gjaldskrá Mílu á bitastraumsmarkaði er byggð á eftirfarandi ákvörðunum PFS:

- Ákvörðun nr. 18/2015 varðandi verð og skilmála fyrir ADSL+ og SHDSL+ tengingar á aðgangsléið 1, dags. 14. júlí 2015.
- Ákvörðun nr. 41/2014 varðandi verð og skilmála fyrir VDSL+ fyrirtækjatengingar og lén og tengiskil vegna samtenginga, dags. 23. desember 2014.
- Ákvörðun nr. 17/2014 varðandi kostnaðargreiningu fyrir bitastraumsaðgang skv. aðgangsléið 1 og 3, dags. 23. júlí 2014.

Eftirfarandi verð gilda nú um bitastraumsþjónustu Mílu:

Aðgangsléið 1

Tenging (efra tíðnisvið heimtaugar)	Mánaðarverð á einingu
ADSL/VDSL _ aðgangshluti nets pr. notandi (EUDP)	912 kr.

Margvarp, aðgangsléið 1	Mánaðarverð fyrir 1 Mb/s
Frátekin bandvídd (Mb/s) fyrir margvarp x fjöldi IP-DSLAM ³	13,63 kr.

VoIP, aðgangsléið 1	Mánaðarverð á einingu
VoIP virkni pr. notanda (EUDP)	55,85 kr.

Aðgangsléið 3

Tenging (efra tíðnisvið heimtaugar)	Mánaðarverð á einingu
ADSL/VDSL _ aðgangshluti nets pr. notandi (EUDP)	1.367 kr.

Ofangreind verðskrá fyrir aðgangsléið 1 og 3 miðast við að efra tíðnisvið heimtaugar sé nýtt fyrir bitastraumsaðgang og að neðra tíðnisvið heimtaugarinnar sé einnig í leigu.⁴ Sé neðra tíðnisviðið hins vegar ekki í leigu þá skal viðsemjandi greiða fyrir neðra tíðnisvið heimtaugarinnar, 1.042 kr., til viðbótar við framangreind verð.

³ Útreikningar á frátekinni bandvídd byggir á fjölda myndlykla.

⁴ Þegar aðgangur að koparheimtaug skiptist á milli tveggja mismunandi fjarskiptafyrirtækja skal sá greiða gjald fyrir skiptan aðgang sem hefur aðgang að efra tíðnisviði heimtaugarinnar (344 kr.) en hinn greiðir fyrir aðgang að neðra tíðnisviðinu (1.042 kr.), þ.e. gjald fyrir fullan aðgang að frádregnu gjaldi fyrir skiptan aðgang. Ef aðeins efra tíðnisviðið er notað („strípað DSL“) greiðist eins og fyrir fullan aðgang (1.386 kr.).



Míla innheimtir einnig stofngjald⁵ fyrir heimtaugar við nýtingar og breytingar úr ADSL í VDSL í aðgangsléiðum 1 og 3. Núverandi stofngjald fyrir heimtaugar er 3.166 kr. skv. gjaldskrá Mílu. Þá er gjald fyrir yfirtöku á xDSL þjónustu (breyting á þjónustuaðila) 1.329 kr.

Aðgangur að heildsöluskipti

Stofngjald vegna aðgangsléiðar 1	93.000 kr.
----------------------------------	------------

Stofngjaldið samanstendur af kostnaði við stillingu og tengingu á fyrsta porti í hverjum heildsöluskipti vegna aðgangsléiðar 1. Stofngjald vegna hvers ports umfram fyrsta er innheimt skv. verðskrá Mílu um útselda vinnu og þjónustu.

Gjald vegna kostnaðar við stillingu og tengingu á portum sem nýtt eru fyrir aðra þjónustu en aðgangsléið 1 er innheimt skv. verskrá Mílu um útselda vinnu og þjónustu.

Mánaðargjald

Port	Mánaðargjald fyrir hvert port
1 Gb/s	9.289
10 Gb/s	14.862

Fyrirtækjatengingar:

Mánaðargjöld

Þjónusta	Aðgangsléið 1	Aðgangsléið 3
VDSL+	2.424 kr.	5.420 kr.
ADSL+		
2 Mb/s	2.416 kr.	3.016 kr.
4 Mb/s	2.868 kr.	3.680 kr.
8 Mb/s	3.440 kr.	4.562 kr.
14 Mb/s	3.550 kr.	4.672 kr.
SDHSL+		
2 Mb/s	3.978 kr.	4.671 kr.
4 Mb/s	6.134 kr.	7.114 kr.
5 Mb/s	6.272 kr.	7.614 kr.
10 Mb/s	9.651 kr.	11.200 kr.
15 Mb/s	11.590 kr.	13.487 kr.
20 Mb/s	14.510 kr.	16.701 kr.
Stofngjald	3.166 kr.	3.166 kr.

⁵ Pantí viðskiptavinur ADSL á VDSL hæfum búnaði og tilkynnir jafnframt að hann vilji breyta þjónustunni í VDSL innan 60 daga verður ekki innheimt stofngjald vegna breytingarinnar.

Lén og tengiskil vegna samtenginga:

Stofngjöld	
Uppsetning á fyrsta léni	114.173 kr.
Uppsetning á aukaléni	28.543 kr.

Mánaðargjöld	
Tengiskil allt að 1 Gb/s	9.986 kr.
Tengiskil 10 Gb/s	59.921 kr.

1.3 Bréfaskipti við Mílu

Með tölvupósti þann **5. janúar 2015** óskaði Míla eftir fresti til að skila inn kostnaðargreiningu á markaði 4/2008, 5/2008 og 6/2008. Með því gæti fyrirtækið uppfært líkanið við bókhaldsupplýsingar frá árinu 2014. PFS samþykkti beiðni Mílu um frest.

Þann **3. febrúar 2015** lagði Míla fram lýsingu á kostnaðarbókhaldi sínu ásamt skýrslu frá óháðum endurskoðanda í samræmi við ákvörðun PFS á mörkuðum 4, 5 og 6.

Í tölvupósti dags. **21. apríl 2015** óskaði Míla eftir frest til að skila inn kostnaðargreiningu á markaði 5/2008 til loka júní. Sama dag samþykkti PFS frestbeiðni Mílu. Þann **19. maí 2015** framlengdi PFS frestinn til 31. ágúst 2015.

Þann **31. ágúst 2015** lagði Míla fram kostnaðargreiningu bitastraumsaðgangs á aðgangsléið 1 og 3, þ.m.t. ADSL+ og VDSL+, G.SHDSL og að auki greiningu á margvarpi, myndleigufni og IP símaþjónustu á aðgangsléið 1. Míla taldi ekki ástæðu til að endurskoða verð fyrir lén og tengiskil vegna samtenginga að sinni og vísaði í ákvörðun PFS nr. 41/2014, dags. 23. desember 2014, varðandi verð og skilmála fyrir þá þjónustu. Nánar er fjallað um kostnaðargreiningu Mílu í köflunum hér á eftir. Fram kom í erindi Mílu að fyrirtæki væri að hugleiða að taka upp „bonding“ og óskaði eftir fundi með stofnuninni varðandi það mál en ef af yrði myndi það hafa áhrif á kostnaðargreiningar á markaði 4/2008 og 5/2008.

Þann **14. september 2015** lagði Míla fram leiðréttu útgáfu af kostnaðargreiningunni.

Þann **17. september 2015** funduðu Míla og PFS um áhrif þess á gjaldskrá Mílu að taka upp „bonding“ í DSL kerfi Mílu.

Í tölvupósti Mílu dags. **5. nóvember 2015** kom fram að Míla hyggðist ekki bjóða „bonding“ sem sérstaka vöru.

Þann **31. maí 2016** lagði Míla fram kostnaðargreiningu á VULA og aðgangsléið 2.

Í bréfi PFS til Mílu dags. **24. júní 2016** óskaði stofnunin eftir að Míla myndi uppfæra kostnaðargreininguna í samræmi við fyrirhugaða niðurstöðu um verð fyrir aðgang að koparheimtaugum. Einnig var til umfjöllunar í bréfi PFS forsendur fjárfestingastofns, skipting kostnaðar, kostnaður við fjárbindingu og rekstrarkostnaður.

Míla svaraði fyrirspurn PFS í bréfi dags. **5. september 2016** og lagði fram uppfærða kostnaðargreiningu þann 7. september 2016.



Í nóvember 2016 áttu Míla og PFS í nokkrum bréfaskiptum. Míla svaraði fyrirspurnum PFS varðandi gjaldskrá Mílu fyrir VULA, uppsetningu á REM-búnaði, kostnað við ljóslínur innanhús, G.SHDSL gjaldskrá, kostnað við fjárbindingu og hlutdeild sjónvarpsþjónustu í kostnaði. Þann 2. desember 2016 lagði Míla fram uppfærða kostnaðargreiningu og er það sú greining sem þessi niðurstaða byggir á.

2 Niðurstaða PFS

2.1 Almennt

Í köflum 2.2 til 2.11 hér á eftir gefur að líta forsendur og niðurstöðu ákvörðunar PFS í þeirri kostnaðargreiningu, sem hér er til meðferðar. Fjallað er um helstu þætti sem PFS telur mikilvæga sem forsendur fyrir afstöðu stofnunarinnar við útreikning gjaldskrár fyrir bitastraumsþjónustu. Umræddir þættir eru eftirfarandi:

1. Vegið meðaltal fjármagnskostnaðar.
2. Rekstrarkostnaður.
3. Fjárfestingarkostnaður.
4. Kostnaður við fjárbindingu.
5. Línufjöldi.
6. Útreikningur leiguverðs.

Hver undirkaflí er þannig upp byggður að fyrst er gerð grein fyrir kostnaðargreiningu Mílu og síðan afstöðu PFS varðandi sérhvert atriði. Í kafla 2.11 er síðan niðurstaða PFS dregin saman í stuttu máli áður en til ákvörðunarorða kemur.

Afstaða PFS byggir á heimild stofnunarinnar í fjarskiptalögum og vísast þá helst til 32. gr. um eftirlit með gjaldskrá og 31. gr. um bókhaldslegan aðskilnað, ásamt ákvörðun PFS nr. 21/2014.

Míla hefur lagt fram lýsingu á kostnaðarbókhalði fyrirtækisins ásamt skýrslu frá óháðum endurskoðanda. Þá hefur Míla lagt fram greiningu á kostnaði vegna bitastraumsþjónustu fyrirtækisins, ásamt breytingum og frekari útskýringum að beiðni PFS. Niðurstaða PFS byggir á kostnaðargreiningu Mílu frá 31. ágúst 2015, ásamt þeim uppfærslum sem fyrirtækið hefur lagt fram, nú síðast þann 2. desember sl.

2.2 Vegið meðaltal fjármagnskostnaðar

2.2.1 Kostnaðargreining Mílu

Í kostnaðargreiningu Mílu dags. 31. ágúst 2015 kom eftirfarandi fram:

„*Vegið meðaltal fjármagnskostnaðar (WACC) reiknast þannig:*



	2014
Áhættulausir vextir.....	2,9%
Skuldaálag.....	3,0%
<i>Kostnaður skulda</i>	5,89%
Markaðsálag.....	5,0%
Óvoguð beta.....	51,0%
Voguð beta.....	73,0%
Eigið fé.....	65,0%
Skuldir/Eigið fé.....	53,8%
Önnur áhætta (alpha).....	0,0%
Skatthlutfall.....	20,0%
Ávöxtunarkrafa eigin fjár eftir skatta	6,54%
Ávöxtunarkrafa eigin fjár fyrir skatta	8,2%
WACC fyrir skatta	7,4%

Áhættulausir vextir miðast við meðaltal síðustu 5 ára á verðtryggðum bréfum skuldabréfaflokki HFF1504 2034. Þessi útreikningur er í samræmi við útreikning á vegnu meðaltali fjármagnskostnaðar í öðrum greiningum sem sendar hafa verið PFS. “

2.2.2 Afstaða PFS

Í 16. gr. reglugerðar nr. 564/2011 um bókhald og kostnaðargreiningu í rekstri fjarskiptafyrirtækja segir að reikna skuli kostnað af stofnfjármagni sem bundið er í eignum sem notaðar eru í sambandi við framboð þjónustu eða þjónustuvöru. Ávöxtun fjármagnsins skal byggjast á vegnu meðaltali fjármagnskostnaðar (WACC) sem reiknast út frá ávöxtunarkröfu eiginfjár og ávöxtunarkröfu skulda í samræmi við reglugerð nr. 564/2011. CAPM líkanið skal notað við útreikning á ávöxtunarkröfu eiginfjár og skal krafan endurspeglar tímavirði peninga og áhættu tengda rekstri á viðeigandi markaði. Ávöxtunarkrafa skulda skal reiknuð sem summa áhættulausra vaxta og vaxtaálags, sem endurspeglar eðlilegt álag félaga á markaði. PFS ákvarðar eigi sjaldnar en árlega ávöxtunarkröfu á eigið fé og skuldir (WACC) fyrir einstaka fjarskiptamarkaði út frá markaðsálagi, hagkvæmri skuldsetningu og stöðu veltufjár og –skulda.

Veginn meðalkostnaður fjármagns (WACC) miðað við forsendur PFS er sýndur í töflunni hér að neðan.

Ávöxtunarkrafa	2014
Áhættulausir vextir	2,89%
Óvoguð beta	0,51
Voguð beta	0,73
Skuldir/eigið fé	0,54
Markaðsálag	5,00%
Ávöxtunarkrafa eigin fjár	6,54%
Áhættulausir vextir	2,89%
Skuldaálag	3,00%
Kostnaður skulda	5,89%
Vaxtaberandi skuldir %	35%
Eigið fé %	65%
Skatthlutfall	20%
Kostnaður skulda eftir skatta	4,71%
Ávöxtunarkrafa eigin fjár fyrir skatta	8,17%
WACC fyrir skatta (pre-tax)	7,4%

Samkvæmt ofangreindu leggur PFS til að miðað verði við 7,4% WACC.

Útreikningar byggðir á gögnum um samanburðarfélög úr Bloomberg gagnaveitunni gefa til kynna að Beta gildi fyrir fjarskiptafyrirtæki liggja á bilinu 0,45-0,57. PFS hefur því ákveðið að miða við gildið 0,51.

PFS telur rétt að miða áhættulausa vexti við ávöxtunarkröfu á HFF 1506 2044 skuldabréfi Íbúðalánssjóðs í stað HFF1504 2034, en bréfin endurspeglar í dag best það greiðsluflæði sem verið er að núvirkja, þegar tekið er tillit til lengdar á líftíma.

Hins vegar hefur óvissa ríkt um framtíð Íbúðalánssjóðs undanfarin misseri og hefur að mati greiningaraðila myndast áhættuálag ofan á verðtryggð bréf Íbúðalánssjóðs. Það bendir til þess að ávöxtunarkrafa á HFF skuldabréfaflokka endurspegli ekki lengur áhættulausa vexti á markaði. Til að meta áhættulausa vexti tekur PFS tillit til leiðréttingar sem nemur metnu „Íbúðarlánssjóðsálagi“ hverju sinni.

Miðað við framangreindar forsendur þá er meðaltal áhættulausra vaxta síðustu fimm ára 2,89%.

Í samræmi við ofangreint er það mat PFS að veginn meðalkostnaður fjármagns (WACC real) fjarskiptafyrirtækis á Íslandi sé 7,4% fyrir árið 2014 í útreikningum á ávöxtunarkröfu fjármagns sem bundið er í eignum sem notaðar eru í sambandi við þjónustuframboð fyrirtækisins. Þetta er í samræmi við niðurstöðu Mílu.

2.3 Aðgangssleið 1

2.3.1 Kostnaðargreining Mílu

Í kostnaðargreiningu Mílu, dags. 31. ágúst 2015, kemur eftirfarandi fram varðandi rekstrarkostnað vegna aðgangssleiðar 1:



„Kostnaðargreining Mílu á Aðgangслейð 1 byggir á kostnaði við fjárfestingu og rekstur á DSL búnaði, þ.m.t. heildsöluskipta Mílu auk kostnaðar við aðgang að heimitaugum. Míla gerir ráð fyrir að allur kostnaður við rekstur á DSL þjónustu Mílu (hér eftir nefnt Aðgangskerfi) að frádregnum kostnaði við flutning á Stofnnetinu tilheyri Aðgangслейð 1. Áætlaðar tekjur af margvarpi (e. Multicast) og myndleigu (e. Unicast) og IP talsíma (e. VoIP) eru dregnar frá kostnaðargrunninum þar sem kostnaður við rekstur þessara þjónustubátta er innifalinn í kostnaðargrunni fyrir Aðgangस्थ्यð 1.“

2.3.1.1 Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður í uppfærðri greiningu Mílu byggir í meginatriðum á tveimur þáttum:

- rekstur á DSL búnaði og
- öðrum kostnaði tengdum rekstri á DSL þjónustu Mílu, s.s. kaup á ljóslínunum í götuskápa, aðgangi að tengigrind og kostnaði vegna rafmagns í götuskápum.

Í kostnaðargreiningu Mílu, dags. 31. ágúst 2015, var einnig gert ráð fyrir kostnaði vegna leigu á efra tíðnisvið heimitauga en samkvæmt nýjum drögum að ákvörðun um endurskoðun á gjaldskrá Mílu fyrir heimitaugaleigu er heimitaugagjaldinu ekki lengur skipt upp í efra og neðra tíðnisvið. Þetta hefur það í för með sér að kostnaðar við aðgang að heimitaugum er ekki lengur til staðar í rekstri bitastraumskerfisins að undanskildum þeim heimitaugum sem notaðar eru undir G.SHDSL þjónustu.

Míla reiknar kostnað vegna heimitauga sem notaðar eru í G.SHDSL tengingar, en [...] heimitaugar voru nýttar í þá þjónustu Mílu í árslok 2014. Miðað við heimitaugaverð að fjárhæð 1.444 kr./mánuði samkvæmt nýjum drögum að ákvörðun um endurskoðun á gjaldskrá Mílu fyrir heimitaugaleigu þá er árlegur kostnaður vegna heimitauga áætlaður [...] kr.

Rekstrarkostnaður vegna DSL búnaðar

Eftirfarandi kemur fram í kostnaðargreiningu Mílu, dags. 31. ágúst 2015, varðandi rekstrarkostnað DSL búnaðar:

„Hér að neðan má sjá yfirlit yfir rekstrarkostnað vegna DSL búnaðar og til samanburðar fjárhæðir úr síðustu kostnaðargreiningu á aðgangस्थ्यð 1. [...]“

Rekstrarkostnaður vegna DSL búnaðar byggir í meginatriðum á kostnaði við eftirtalda þætti:

- Vinna við rekstur DSL búnaðar,
- þjónustusamninga og
- kostnaði við aðstöðuleigu.

Eins og sjá má á töflunni hefur orðið töluverð breyting á framsetningu kostnaðar og virðist kostnaður hafa hækkað töluvert frá fyrri greiningu eða um [...]. Nánari skoðun á kostnaði 2012 bendir þó til þess að hækkunin nemi aðeins um [...] sbr. umfjöllun hér á eftir.

Kostnaður við þjónustusamninga nam rúmlega [...] m.kr. á árinu 2014 en í kostnaðargreiningu sem byggðist á fjárhagsupplýsingum fyrstu 9 mánuði ársins 2012 uppreiknað til heils árs var kostnaður [...] m.kr. Svo virðist sem kostnaður á árinu 2012 hafi verið vanreiknaður en hann hefði átt að vera svipaður og á árinu 2014.

Millifærð innri vinna lækkar um [...] m.kr. Að hluta til liggur lækkunin í því að auk vinnu við rekstur á xDSL búnaði var vinna starfsmanna sem unnu við MPLS net Símans bókuð á þennan kostnaðarlið þegar þeir unnu fyrir DSL kerfin. MPLS netið er enn hjá Símanum og ætti þessi



vinna því nú að vera innifalin í MPLS burðargjöldum Símans. Þá er vinna við umsjónarkerfi xDSL þjónustunnar (Dísu) unnin af Símanum en gera má ráð fyrir að sú vinna innifeli um [...] stöðugildi. UT þjónusta Mílu greiðir þann kostnað og birtist hann því í formi yfirstjórnarkostnaðar hjá Aðgangskerfum.

Kostnaður við skrifstofuþjónustu Skipta er kostnaður vegna hlutdeildar í stoðdeildarþjónustu sem Skipti veitti Mílu á árinu 2014.

Leyfis- jöfnunar- og rekstrargjöld nema [...] m.kr. á árinu 2014 en í síðustu kostnaðargreiningu nam kostnaðurinn aðeins rúmlega [...]. kr. Um er að ræða rúmlega [...] m.kr. rekstrargjald til PFS og [...] m.kr. jöfnunargjald til Jöfnunarsjóðs alþjónustu. Þessi kostnaður virðist ekki hafa verið meðtalinn í fyrri greiningu nema að örlitlu leyti.

Yfirstjórnarkostnaður hækkar um [...] m.kr. frá fyrri greiningu. Það er erfitt fyrir Mílu að meta það hvort yfirstjórnarkostnaður hafi verið vanmetinn í fyrri greiningu þar sem Míla hefur ekki aðgang að fjárhagsbókhalda Símans. Skipting yfirstjórnarkostnaðar á árinu 2014 var eftirfarandi: [...]

Eins og sjá má í töflunni hér að ofan er langstærsti hluti kostnaðar rekstur tölvukerfa. Á meðal þessa kostnaðar er útlagður kostnaður við rekstur á umsjónarkerfi xDSL kerfisins (Dísu) og rekstur á NMS kerfinu. Kostnaður vegna rekstrar Aðgangskerfa er tilkominn vegna þess að starfsmenn Aðgangskerfa hafa ekki selt alla sína vinnu út á afkomueiningar og fjárfestingar. Um er að ræða vinnu sem er nær eingöngu við xDSL kerfi Mílu. [...]

Sé litið til innri vinnu og yfirstjórnarkostnaðar saman nemur hækkunin rúmlega [...] m.kr. eða um [...].

Húsaleigukostnaður hækkar um [...] m.kr. frá síðustu kostnaðargreiningu eða um [...] % ([...] m.kr. skv. málgreininni hér á eftir). [...]

Míla innheimtir [...] m.kr. fyrir afnot af 48 volta rafmagni á árinu 2014. Þessi búnaður er í eigu Símans. Þessi kostnaður var ekki hluti af kostnaðargreiningu á xDSL þjónustunni á árinu 2012 þar sem kostnaðurinn var ekki færður inn á árið 2013 fyrr en eftir áramót 2013. Vantalinn kostnaður í kostnaðarlíkani 2012 var samkvæmt upplýsingum frá heildsölu Símans [...] m.kr. Ástæða þess að kostnaðurinn hækkar um [...] m.kr. til viðbótar er vegna breytts fyrirkomulags við innheimtu. Nú innheimtir Míla af Símanum afnot af rafmagni vegna 48 V en áður voru notendur af 48 V rukkaðir beint. Greiðslur fyrir 48 V eru því vegna afnota af 48 V búnaði auk rafmagnsnotkunar en áður var rafmagnsnotkunin búnaðar sem tengdist 48 V innheimt beint. “

Annar kostnaður

Eftirfarandi kemur fram í kostnaðargreiningu Mílu dags. 31. ágúst 2015 varðandi annan rekstrarkostnað tengdum rekstri á DSL þjónustu:

„Rekstrarkostnaður vegna aðgangs að tengigrindum, ljóslínunum og rafmagni í götuskápa var eftirfarandi á árinu 2014:

[...]

Kostnaður við aðgang að tengigrindum og ljóslínur í götuskápa hækkar um [...] % frá fyrri greiningu. Skýring hækkunarinnar má rekja til ljósnetvæðingar.“

Í drögum að ákvörðun um endurskoðun á gjaldskrá Mílu fyrir heimtaugaleigu og aðgangs að tengigrind er gert ráð fyrir að aðgangur að tengigrind hækki í 1.104 kr./mán. fyrir hverjar 100



línur. Undir annan rekstrarkostnað fellur kostnaður vegna aðgangs að tengigrind og mun þessi hækkun því hafa áhrif á þann kostnað. Í bréfi Mílu dags. 5. september 2016 kemur eftirfarandi fram varðandi annan rekstrarkostnað:

„Í gildi er almenn verðskrá fyrir ljóslínur í götuskápa og aðgang að tengigrind. Í kostnaðargreiningunni sem send var PFS í lok ágúst 2015 var miðað við útreikninga vegna tengigrinda sem sendir höfðu verið PFS fyrir markað 4. Míla gerði ráð fyrir að leiðrétta þetta einingaverð þegar endanleg ákvörðun um markað 4 liggur fyrir.

Kostnaður vegna ljóslína í götuskáp miðast við kostnað í desember 2014 uppreiknað til 12 mánaða og fjöldatölur vegna aðgangs að tengigrindum miðast við fjölda seldra eininga í desember 2014.

VDSL væðing hefur ýmsan kostnaðarauka í för með sér. Aðgangskerfi verða að nýta ljóslínur að götuskápum og nýting á tengigrindum verður lakari þar sem færri tengingar eru í götuskápum en símsstöðvum. Því er um að ræða hreinan kostnaðarauka.

Að mati Mílu er það grundvallaratriði að við útreikning á leiguverði sé miðað við rauntölur þar sem það er mögulegt. Þar sem töluverð fjölgun er á ljóslínum og 100 línu tengihausum sökum VDSL væðingar er ekki raunhæft að miða við meðalstöðu ársins 2014 heldur þarf að mati Mílu að miða við stöðu eins nálægt raunveruleikanum og unnt er þar sem um beinan kostnað er að ræða fyrir Aðgangskerfi Mílu. Þrátt fyrir að greiningin hafi verið send í lok ágúst 2015 var miðað við desember 2014 en í raun hefði átt að mati Mílu að miða við stöðu í júní/júlí 2015.

Þar sem á árinu 2014 var VDSL væðing í fullum gangi er miðað við fjölda í lok árs 2014 í stað þess að miða við meðalstöðu eins og edlilegt hefði verið að gera ef jafnvægi væri.

Í desember 2014 voru gjaldfærðir [...] tengihausar og reiknað var með [...] kr. fyrir hverja 100 línu tengihausu en það verð miðast við útreikninga á markaði 4 sem var þá í vinnslu hjá PFS. Míla hefur nú uppfært verðið í 1.104 kr. í samræmi við kostnaðargreiningu á heimitaugum eins og hún stendur nú.“

Samkvæmt uppfærðri kostnaðargreiningu Mílu er annar rekstrarkostnaður miðað við ofangreinda leiðréttingu eftirfarandi: [...]

Samkvæmt uppfærðu kostnaðarlíkani Mílu er kostnaður við rekstur á DSLAM og annar kostnaður sem tengist rekstri DSLAM samtals [...] kr. Þar sem rekstrarkostnaður vegna leigu á heimitaugum undir G.SHDSL er áætlaður [...] kr. verður heildarrekstrarkostnaður samkvæmt greiningu Mílu [...] kr.

Í bréfi sínu til Mílu, dags. 24. júní 2016, gerði PFS athugasemd við mikla hækkun rekstrarkostnaðar. Óskaði PFS því eftir upplýsingar um rekstrarkostnað vegna DLS búnaðar Mílu fyrir rekstrarárið 2015 vegna bitastraumspjónustunnar. Einnig óskaði PFS eftir nánari skýringu á forsendum útreikninga vegna aðgangs að tengigrind og ljóslína í götuskápa.

Í svari Mílu kemur eftirfarandi fram:

„PFS gerir athugasemdir við hækkun á rekstrarkostnaði frá fyrri greiningu. Telur PFS edlilegt að kostnaður lækki fremur en lækki þar sem um nýrri búnað er að ræða. Míla er þessu ósammála. Endurnýjun á búnaði Mílu mun að líkindum leiða til hærri rekstrarkostnaðar þar sem nýr búnaður er settur upp í götuskápum í stað símsstöðva. Allt viðhald verður þar með dýrara, t.d. þegar upp kemur bilun þarf í mörgum tilvikum að fara bæði í götuskáp og símsstöð til að lagfæra hana en áður varð aðeins að fara í símsstöð þar sem búnaðurinn var staðsettur þar. Þá er nýting á búnaði minni og þar með fleiri einingar sem þarf að viðhalda.



PFS óskar eftir yfirliti um rekstrarkostnað vegna DSL búnaðar fyrir rekstrarárið 2015.

Rekstrarkostnaður á árinu 2015 samanborið við árið 2014. [...]

Lækkun á kostnaði við þjónustusamninga má að mestu rekja til gengishækkunar íslensku krónunnar en gengi krónunnar gagnvart evru var 154 árið 2014 en 147 kr. árið 2015.

Millifærð vinna hækkar um [...] m.kr. á milli ára, á móti lækkar yfirstjórnunarkostnaður (sem má að hluta rekja til þess).

Húsaleiga lækkar um [...] m.kr. á milli ára en rekja má þá lækkun til færslu búnaðar í götuskápa. Á móti hækkar kostnaður vegna aðgangs að tengigrindum en hann hækkar úr [...] kr. í [...] kr. á milli árunna 2014 og 2015.

Lækkun á yfirstjórnarkostnaði er um [...] m.kr. Lækkunina má einkum rekja til tveggja þátta, annars vega starfslokasamninga á árinu 2014 og hins vegar lækkun á UT kostnaði. Skýringin á lækkuninni er annars vegar sú að töluvert var um stór verkefni á árinu 2014, s.s. vegna breytinga á NMS kerfi, reikningagerð og UT kostnaðar vegna Aðgangskerfa bæði í Dísu og NMS, m.a. vegna sáttar við SE og að auki var gerður hagkvæmari samningur við Símann um UT þjónustu.“

2.3.1.2 Fjárfestingarkostnaður

Eftirfarandi kemur fram í kostnaðargreiningu Mílu, dags. 31. ágúst 2015, varðandi fjárfestingarkostnað:

„Reikniaðferðir

Í kostnaðargreiningu sem lögð var fyrir PFS á árinu 2013 var stofnverð fjárfestinga reiknað út frá framreiknuðu kaupverði búnaðar. Árgreiðsla var reiknuð með tilliti til verðþróunar (Tilted Annuity Depreciation Method).

Í ákvörðun PFS nr. 21/2014 um breiðbandsaðgang í heildsölu kemur eftirfarandi fram um mat á fjárfestingastofni Mílu og útreikning á fjármagnskostnaði:

- *Við mat fjárfestingar (CAPEX) skal byggja á sviptivirði rekstrarfjármuna, þar sem tekið er tillit til næstu kynslóða aðgangsneta (NGA).*
- *Við mat á kostnaði aðgangshluta (e. Access) kerfisins skal taka tillit til hlutdeildar í uppsetningar-, fjárfestingar- og rekstrarkostnaði heildsöluskipta.*
- *Mat á líftíma rekstrarfjármuna skal endurspeglar nýtingarvirði eigna.*
- *Beita skal árgreiðsluáðferð til að reikna árlegan kostnað vegna rekstrarfjármuna. Heimilt er að notast við verðþróunar árgreiðsluáðferðina (e. Tilted Annuity Depreciation Method) byggt á áætlun um svipti- eða endurkaupsvirði (e. Gross Replacement Cost - GRC) bitastraumskerfisins. Kostnaður af heildarfjölda tenginga og bandbreiddar er reiknaður.*
- *Miða skal við raun ávöxtunarkröfu sem byggist á vegnu meðaltali fjármagnskostnaðar (WACC real) af fjármagni sem bundið er í eignum sem notaðar eru í sambandi við framboð þjónustu, þar sem áhættuálag endurspeglar áhættu sem tengist starfsemi á viðkomandi markaði.*

Í samræmi við ofangreint hefur Míla reiknað endurstofnverð á fjárfestingum í xDSL búnaði. Miðað er við að fjárfest verði í VDSL búnaði á öllum símstöðvum en ef Míla stæði frammi fyrir því að fjárfesta í bitastraumsbúnaði í dag myndi fyrirtækið fjárfesta í nýjustu tegund búnaðar og því taka mið af næstu kynslóðar netum. Það er því miðað við uppbyggingu kerfisins eins og

Það er í dag en að fjárfest væri í nýjustu VDSL tækni. Þó er gert ráð fyrir að koparheimtaugar verði nýttar eftir sem áður.

Tegund búnaðar

Hér á eftir er lýsing á þeim búnaði sem nýttur er undir Aðgangsleið 1

ISAM (Intelligent Service Access Manager)

ISAM er DSLAM búnaður (e. Digital Subscriber Line Access Manager) sem byggir á IP (e. Internet Protocol) tækni. ISAM búnaður er til í nokkrum útfærslum en mismunurinn felst aðallega í því hversu mörgum línukortum er hægt að koma fyrir í honum og hversu marga götuskápa (REMa) er hægt að tengja við hann. ISAM búnaðurinn sér um xDSL tengingar notenda og samtengingu við IP net. ISAM veitir notendum þjónustu eins og Internet, sjónvarp og VoIP. ISAM byggist að meginhluta upp á stýrikorti og allt að 18 mismunandi xDSL línukortum.

VDSL línukort

VDSL línukort eru hluti af uppbyggingu ISAM. Kortum er komið fyrir í ISAM búnaðinum og sjá þau um úttak/inntak á að hámarki 48 VDSL línunotenda. Hver ISAM getur að hámarki tekið 18 VDSL línukort.

REM (Remote expansion module)

Í götuskápa er oftast settur s.k. REM búnaður. REM samanstendur af ljóstengi og aflkorti og VDSL línukortum (einu eða tveimur). REM er tengdur með ljósþræði við ISAM í sírstöð og línukortin í honum eru í raun hluti af og framlenging á viðkomandi ISAM

G.SHDSL kort

Í ISAM búnaði er hægt að setja upp G.SHDSL línukort (e. Symmetrical high-speed Digital Subscriber Line) en þau eru ætluð fyrir fyrirtækjatengingar. G.SHDSL tengingar bjóða upp á samhverfan gagnaflutningshraða. Það er hægt að nota að hámarki fjögur koparpör fyrir hverja tengingu en með fjórum pörum er hægt að ná 20 Mb/s samhverfum hraða til og frá viðskiptavinum.

Heildsöluskiptar

Heildsöluskiptar þjóna þeim tilgangi að veita viðskiptavinum Mílu á aðgangsleið 1 beinan aðgang að ISAM netinu. Heildsöluskiptir er settur upp á sírstöð og tengist hann öllum ISAM búnaði á þeirri stöð sem og viðskiptavinum á aðgangsleið 1. Mögulegur gagnaflutningshraði er 1 eða 10 Gb/s

I/O kort

I/O kort er hægt að setja í ISAM búnað til að mögulegt sé að tengja REM búnað við hann. Tengiskil á I/O kortum eru einnig stundum notuð fyrir bakfæðingu við IP-net sem og fyrir Ethernet fyrirtækjatengingar beint út úr ISAM.

SFP fyrir línukort í REM og SFP bakfæðing

SFP (e. Small Form-factor Pluggable) er aðallega notaður til að tengja búnað við ljósleiðara. SFPar eru til í mismunandi útgáfum, þ.e. fyrir mismunandi gagnaflutningshraða (dæmi 1 eða 10 Gb/s) eða tengdir einum eða tveim ljósþráðum. Mismunandi SFP búnaður er notaður við samtengingu ISAMa við REM, við bakfæðingu ISAM, samtengingu ISAM og heildsöluskipta o.s.frv.

Ljósleiðari á móti ljóstengigrind



Pegar REM búnaður er settur upp í götuskáp er tengingin flutt á ljósi frá götuskáp að ljóstengigrind í tækjarýmum Mílu. Til að tengja frá ljóstengigrind að ISAM búnaði þarf að leggja ljósleiðarakapal innanhúss. Um er að ræða 24 þráða ljósleiðara.

Kapall á móti tengigrind

Pegar notendur eru tengdir beint inn á kopartengigrind Mílu er lagður kapall frá tengigrind að hverju línukorti í ISAM. “

Innkaupsverð búnaðar

Í bréfi sínu, dags. 24. júní 2016, óskaði PFS eftir staðfestingu á þeim einingaverðum sem Míla miðar við í sínum útreikningum. Jafnframt taldi PFS eðlilegt að nýtt kerfi væri byggt upp þannig að fjarskiptafyrirtæki gerðu magnaup og njóti þess vegna þeirra afslátta sem eru í boði.

Í svari Mílu dags 5. september 2016 tilgreindi Míla að ekki sé notaður sami búnaður á hverjum stað heldur kalli aðstæður á notkun mismunandi búnaðar. Til einföldunar hafi verið tekið mið af þeim búnaði sem algengast sé að fjárfesta í.

Grunnur að einingaverðum sé verðlisti fyrir Mílu hjá Alcatel. Gerður hafi verið sérstakur samningur um kaup á vigrunarbúnaði í árslok 2014 [...].

Afslátturinn hafi ekki eingöngu verið vegna magnaupa heldur hafi Alcatel einnig verið að koma til móts við Mílu vegna fyrri fjárfestinga í hugbúnaðarleyfum sem ekki var þörf á að nýta þegar fjárfest var í nýja búnaðinum þar sem þau fylgdu með í kaupunum. [...]

Þá benti Míla á að hluti af hugbúnaðarleyfum sem fjárfest var í í árslok 2014 voru ekki meðtalin í kostnaðargreiningunni. Um sé að ræða fjárfestingu fyrir [...] Það þurfi því að bæta þessari fjárfestingu við kostnaðargreininguna. Afrit af reikningi vegna þessa kaupa fylgdi með bréfi Mílu.

ISAM (Intelligent Service Access Manager)

Míla lagði fram nýja útreikninga á einingaverði ISAM: [...]

Í útreikningum á einingaverði fyrir ISAM miðar Míla við einn ISAM og tvær tegundir af vigrunarkortum. Munurinn á kortunum felist í því að dýrari búnaðurinn geti tengt tvöfalt fleiri línukort en sá ódýrari. Míla metur það þannig að kort af tegundinni NDPS-B hafi verið um [...] búnaðar og NDPS-C hafi verið [...]. Um [...] af DSLAM búnaði sé með færri en [...] tengingar. Að auki þurfi að fjárfesta í ISAM (7330 Shelf, þar sem stýrikort er innifalið).

Í þessum útreikningi miðar Míla við [...] % afslátt og er þá einingarverðið [...] EUR. Miðað er við sölugengi evru upp á 149 (meðalgengi 1.1.2015 til 31.7.2015).

VDSL línukort í ISAM

Míla lagði fram nýja útreikninga á einingaverði á línukortum í ISAM: [...]

Fram kom hjá Mílu að í útreikningum á einingaverði fyrir línukort miði fyrirtækið við tvær tegundir af búnaði, annars vegar með s.k. NDLT-C korti með innbyggðri vigrun en þá verði allar heimtaugar að tengjast því korti og hins vegar NDLS-E korti en sá búnaður þurfi að tengjast við sérstök vigrunarstýrikort. Fyrirnefndi búnaðurinn sé nýttur þar sem eingöngu sé þörf fyrir eitt línukort og hið síðarnefnda sé búnaður þar sem línukortin verða að vera fleiri en eitt. Með hverju NDLS-E línukorti þurfi að nota sérstakan vigrunarkapal á milli þess og vigrunarstýrikorts. NDLT-C búnaður kostaði samkvæmt verðlista [...] EUR en einnig þurfi að fjárfesta í deili (splitter og kapal) en hann kosti [...] EUR. Samtals nemi innkaupsverð [...] EUR.



NDLS-E kostaði í innkaupum [...] EUR skv. verðlista og með því þarf að kaupa virgrunarkapal upp á [...] EUR. Samtals nemur innkaupsverð því [...] EUR.

Í desember 2014 hafi verið keypt [...] stk. af NDLT-C og [...] stk. af NDLS-E. Við útreikning á einingaverði hafi verið miðað við sama hlutfall af búnaði, þ.e. [...] % af NDLT-C og [...] % af NDLS-E.

Míla leggur til að miðað verði við [...] % afslátt af listaverði og verður þá einingaverðið [...] EUR.

REM (Remote expansion module)

Míla lagði fram nýja útreikninga á einingaverði á REM: [...]

Fram kom hjá Mílu að í götuskápa er oftast settur upp s.k. REM búnaður. Þessi búnaður geti verið einfaldur eða tvöfaldur, þ.e. með einu eða tveimur línukortum. Um það bil [...] % götuskápa í kerfum Mílu séu tvöfaldir. Ástæðan fyrir því að tvöfaldur REM kosti meira en tvöfalt meira en einfaldur er sú að þegar um er að ræða tvöfaldan REM þarf að vera til staðar virgrunarvinnslukort. Í útreikningum sínum miðar Míla við [...] % afslátt af listaverði.

Eftirfarandi kemur fram í kostnaðargreiningu Mílu, dags. 31. ágúst 2015, varðandi innkaupsverð búnaðar:

„G.SHDSL kort

Sett hafa verið upp G.SHDSL kort í rúmlega 40 tækjarýmum. Hvert kort kostar [...] EUR eða [...] kr. sé miðað við að gengi evrunnar sé [...] kr.

Heildsöluskiptar

Fjárfesting í heildsöluskiptum miðast við raunfjárfestingu í þeim búnaði.

I/O kort

Míla hefur fjárfest í [...] I/O kortum á [...] EUR stk. eða samtals [...] kr. Gert er ráð fyrir sambærilegri fjárfestingu í þessu kostnaðarlíkani.

SFP fyrir línukort í REM og SFP bakfæðing

Í hvern götuskáp (REM) þarf s.k. SFP par þ.e í REM og á móti í port í ISAM. Slíkt SFP par kostar [...] EUR og þarf eitt par fyrir einfaldan REM en tvö pör fyrir tvöfaldan REM.

SFP fyrir bakfæðingu á hverjum ISAM kostar [...] EUR.

Ljósleiðari á móti ljóstengigrind

Míla þarf að setja upp ljósleiðaraleið, (kapall, trunk), frá ISAM búnaði að ljóstengigrind í þeim tilgangi að t.d. tengja REM búnað við ISAM. Hver lögn kostar um [...]kr. og er hver kapall með 24 þræði og því þarf fleiri en einn kapal þar sem línukort í götuskápum sem tengjast símsstöð eru fleiri en 24

Kapall á móti tengigrind

Kapall á milli tengigrindar og línukorta í ISAM kostar um [...] EUR.“

Uppsetningakostnaður og annar kostnaður

Fram kemur hjá Mílu að samkvæmt mati starfsmanna Aðgangskerfa taki um [...] klst. að setja upp ISAM búnað á höfuðborgarsvæðinu auk [...] klst. við undirbúning og prófanir ásamt færslu á viðskiptavinum á milli búnaðar þegar það á við. Samtals sé því vinnan [...] klst. og enn lengri



tíma úti á landi. Míla gerir ráð fyrir að það taki að meðaltali [...] klst. úti á landi og auk þess þurfi að greiða dagpeninga [...]. Að mati Mílu er ferðatíminn metinn mjög hóflega. Míla gerir ráð fyrir að [...] % ISAM búnaðar verði settur upp á landsbyggðinni og [...] % á höfuðborgarsvæðinu en það miðist við núverandi hlutfallslega skiptingu staða á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni.

Uppsetning á kortum í ISAM taki um [...] klst. á höfuðborgarsvæðinu og geri Míla ráð fyrir [...] klst. úti á landi auk dagpeninga. Hlutfall uppsettra korta í ISAM á landsbyggðinni sé [...] % og gert sé ráð fyrir sama hlutfalli við útreikning á uppsetningakostnaði.

Uppsetning á G.SHDSL kortum taki um [...] klst. á höfuðborgarsvæðinu og gert sé ráð fyrir [...] klst. úti á landi auk dagpeninga. Hlutfall uppsettra G.SHDSL korta á landsbyggðinni er um [...] %. Míla tekur fram að ástæða þess að gert sé ráð fyrir lengri tíma í uppsetningu á G.SHDSL kortum en öðrum línukortum sé sú að í flestum tilvikum sé aðeins sett upp eitt G.SHDSL kort en þegar VDSL kort eru sett upp séu þau yfirleitt fleiri.

Uppsetning á REM er talið taka um [...]. Míla gerir ráð fyrri [...] mín. vinnu hjá sérfræðingi Aðgangskerfa til að koma búnaði í gang og annað eins hjá starfsmanni Þjónustuborðs við að búa til og skrá notendaupplýsingar og stillingar.

Þá kom fram hjá Mílu að á árinu 2014 hafi verið sett upp um [...] G.SHDSL kort, [...] línukort í ISAM, [...] ISAMar og [...] REMar. Samtals hafi vinnuþátturinn við fjárfestingu á xDSL búnaði numið [...] kr. fyrir utan vinnu við uppsetningu á heildsöluskiptum. Út frá ofangreindum forsendum reiknar Míla út uppsetningarkostnaður auk annars kostnaðar. Undir annan kostnað fellur ýmis vinna, s.s. tími vegna stillinga og virkjunar á búnaði, innkaupa, pantana, hönnunar, skipulagningar verkefna og yfirstjórnar. [...]

Míla deilir öðrum kostnaði en beinum uppsetningarkostnaði út í sama hlutfalli og áætlanir Mílu á kostnaði við uppsetningu. Undir annan kostnað fellur m.a. bifreiðakostnaður.

Í samræmi við ofangreint miðar Míla við að uppsetningarkostnaður vegna línukorta sé [...] kr., vegna ISAM sé þessi kostnaður [...] kr. og vegna REM sé hann [...] kr.

Þá kom fram hjá Mílu að uppsetning og tenging á tengigrind í götuskápum sé bókuð á Aðgangsnét og því ekki hluti af þessari kostnaðargreiningu.

Vegna athugasemda PFS varðandi tímagjald þá tilgreindi Míla að öll uppsetningarvinna sé unnin af sérfræðingum Mílu. Um sé að ræða mjög sérhæfða vinnu þar sem verið sé að vinna við flókinn búnað. Þessir starfsmenn hafa farið í gegnum námskeið hjá birgja og því ekki hlaupið að því að fá mann „af götunni“ í verkið. Af þeim sökum hafi Míla ekki útvistað þessari vinnu. Við mat á tímagjaldi var tekið mið af þessu og sérfræðiþjónustu á markaði. Um sé að ræða vinnu verkfræðinga við að setja upp stillingar á búnaði og gera prófanir og einnig vinnu rafeindavirkja við uppsetningu. Í mörgum tilvikum þarf að vinna þessa vinnu í næturvinnu.

Stofnverð fjárfestinga

ISAM búnaður

Fram kemur hjá Míla að gert sé ráð fyrir að settir verði upp einn eða fleiri ISAMar á hverjum stað. Þar sem ISAM sé þegar uppsettur sé miðað við þann fjölda sem talið sé að þurfi að vera til staðar til að þjóna notendum.

Í dag sé fjöldi eininga af ISAM og ASAM búnaði [...] en þar sem hægt er að leggja niður fjölda eininga sé reiknað með að ef um endurfjárfestingu yrði að ræða þyrfti [...] einingar.

Einingaverð fyrir ISAM, sem Míla uppfærði 5. september sl., er [...].

Fjárfesting í ISAM sé því [...] kr. [...]

ISAM sé einnig notað fyrir GPON tengingar. Það þurfi því að áætla hlutdeild GPON í kostnaði við ISAM. Heildarfjöldi línukorta sé nú eftirfarandi: [...]

Út frá fjölda línukorta reiknar Míla hlutdeild GPON sem [...] % af heildarfjárfestingunni eða [...] kr. Þessi fjárhæð sé því dregin frá fjárfestingu í ISAM.

REM í götuskápa

Samkvæmt Mílu eru REM í götuskápum [...]. Miðað er við að [...] þeirra séu tvöfaldir og [...] % séu einfaldir en það sé sama hlutfall og í kerfi Mílu í dag. Einingaverðið sé [...] kr. og nemi heildarfjárfesting því [...] kr.

Línukort í ISAM

Fjöldi línukorta ráðist af fjölda notenda á ISAM en meginreiknireglan sé 48 notendur um hvert kort. Við ákvörðun á fjölda korta við útreikning á endurstofnverði gerir Míla ráð fyrir að allir notendur verði fluttir á nýjasta búnaðinn.

Niðurstaðan sé sú að fjöldi þegar uppsettra línukorta (VDSL) sé [...] og auk þess þyrfti að bæta við [...] korti ef kerfið væri uppfært í heild. Samtals sé því reiknað með [...] línukorti.

Einingaverð fyrir VDSL línukort í ISAM sé [...].

Fjárfesting fyrir línukort í ISAM nemi því [...].

I/O kort

I/O kort séu [...] talsins og kosti [...] EUR stk. Heildarfjárfesting nemi því [...] kr.

SFP fyrir línukort í REM og SFP bakfæðing

Fjöldi götuskápa samkvæmt kostnaðarlíkani Mílu nemi [...]. Í um [...] % tilvika séu þeir einfaldir en [...] % tilvika tvöfaldir. Hvert SFP þar kosti [...] EUR ef um sé að ræða einfaldan REM en [...] evrur ef um sé að ræða tvöfaldan REM. Vegið meðal einingaverðs sé því [...] EUR. Heildarfjárfesting sé því [...] kr.

SFP vegna bakfæðingar er tengd hverjum ISAM og kostar hver þeirra [...] evrur. Heildarfjárfesting sé því [...] kr.

Innanhúss ljóslínulagnir

Míla hefur reiknað út að það þurfi [...] ljósleiðarakapla (24 þráða) til að tengja notendur í götuskápum við ISAM. Hvert kort þurfi einn þráð. Kostnaður sé [...] kr. fyrir hvern kapal. Heildarfjárfesting sé því [...] kr.

Kapall á móti kopartengigrindum

Hvert línukort þurfi að tengjast kopartengigrind með þar til gerðum kapli. Kapall kosti um [...] EUR. Fjöldi línukorta sé reiknaður [...]. Samtals nemi fjárfestingin [...] kr.

Heildsöluskiptar

Míla miðar stofnverð á heildsöluskiptum við raunfjárfestingu. Í síðustu greiningu á heildsöluskiptum hafi fjárfestingin numið [...] kr. við þá fjárfestingu sé lögð fjárfesting ársins 2014. Þá séu dregin frá greidd stofngjöld heildsöluskipta. Samtals nemi fjárfestingin því [...] kr. [...]

Fjárfestingarnar séu ekki framreiknaðar þar sem um mjög nýlega fjárfestingu sé að ræða.

G.SHDSL kort

Fram kemur í greiningu Mílu að G.SHDSL kort hjá fyrirtækinu séu [...]. Ekki sé gert ráð fyrir breytingu á fjölda í kostnaðarútreikningum. Samtals nemi því fjárfestingin [...] kr.

Endurstofnverð fjárfestinga - samantekt

Í uppfærðri kostnaðargreiningu Mílu, dags. 2. desember 2016, er eftirfarandi niðurstaða um endurstofnverð fjárfestinga: [...]

Árgreiðsla fjárfestinga

Fram kemur í kostnaðargreiningu Mílu að fyrirtækið geri ráð fyrir 7 ára líftíma búnaðar á öllum búnaði, að lögnum á ljósleiðara frátöldum en þar sé miðað við 20 ára líftíma. Í síðustu kostnaðargreiningu hafi verið reiknað með 8 ára líftíma en að mati Mílu sé sá líftími of langur. Á árinu 1999 hafi Síminn farið að bjóða ADSL þjónustu sína og aðeins sex árum seinna hafi endurnýjun á búnaði á nýrri kynslóð ADSL hafist. Á árinu 2010 hafi VDSL væðing hafist. Það sé því ljóst að líftími búnaðar nái ekki 8 árum. Búast megi við að Míla haldi áfram endurnýjun samkvæmt nýjustu tækni, auk þess sem GPON væðing muni hafa áhrif á nýtingu búnaðar á næstu árum. Það væri af þessum sökum ábyrgðarlaust af Mílu að miða áfram við þann líftíma sem reiknað var með í síðustu greiningu.

Í bréfi, dags. 24. júní 2016, lýsti PFS efasemdum sínum um að tímabært væri að lækka líftíma búnaðarins úr 8 ár í 7 ár og óskaði eftir frekari rökstuðningi.

Í bréfi Mílu, dags. 5. september 2016, kemur fram að Míla sé þessu algerlega ósammála. Míla bendir á að ljósheimtaugavæðing sé í fullum gangi á höfuðborgarsvæðinu og um landið. Á þessu ári sé áætlað að tengja á bilinu [...] ljósheimtaugar og muni það hafa bein áhrif á xDSL þjónustu Mílu. Þá sé mikil samkeppni frá GR og farið sé að bera á fækkun tenginga í xDSL þjónustu. Á næstu misserum muni þessum tengingum fækka hratt. Míla telur þar af leiðandi óábyrgt að miða áfram við 8 ára líftíma búnaðar, fremur ætti að stytta líftímamann enn frekar en gert sé í greiningunni.

Míla reikni árgreiðslu með tilliti til verðþróunar (Tilted Annuity Depreciation Method). Reiknað sé með sömu verðþróun („tilt“) og í síðustu greiningu, -5%.

[...]

2.3.1.3 Kostnaður við fjárbindingu

Í kostnaðargreiningu Mílu, dags. 31. ágúst 2015, kom fram að heildarrekstrarkostnaður Mílu við xDSL kerfið sé [...] kr. Miðað við 7,4% WACC og 30 daga fjárbindingu á veltufé sé kostnaður við fjárbindingu [...] kr.⁶

Einnig þurfi að gera ráð fyrir fjárbindingu í birgðum. Vörubirgðir í Aðgangsskerfi Mílu hafi numið [...] kr. í árslok 2014 að frátöldum birgðum af vigrunarbúnaði sem fjárfest hafi verið í í árslok 2014. Miðað við 7,4% WACC nemi kostnaður vegna fjárbindingar í birgðum [...] kr.

Samtals reiknaði Míla kostnað vegna fjárbindingu í veltufé og birgðum [...] kr.⁷

Í bréfi sínu, dags. 24. júní 2016, gerði PFS athugasemd við að kostnaður vegna fjárbindingar væri reiknaður bæði af veltufé og birgðum. Vísaði PFS í úrskurð úrskurðarnefndar fjarskipta-

⁶ Í uppfærslu Mílu á líkaninu, dags. 7. september sl., lækkaði þessi kostnaður í [...] kr. þar sem heildarrekstrarkostnaður lækkaði í [...] kr. vegna þess að ekki var lengur gert ráð fyrir kostnaði vegna leigu á koparheimtaugum undir VDSL/ADSL þjónustu.

⁷ Í uppfærslu á líkaninu, dags. 7. september sl., varð fjárbindingin samtals [...] kr.



og póstmála nr. 4/2009 þar sem mælt var fyrir um að taka skyldi tillit til fjárbindingar Mílu í birgðum sem næmi meðalstöðu birgða.

Í bréfi Mílu, dags. 5. september 2016, kemur fram að Míla telji ekki viðeigandi að byggja á 7 ára gömlum úrskurði frá úrskurðarnefnd vegna koparheimtauga (þáverandi markað 11) sem byggji á forsendum eldri markaðsgreiningar. Ekki síst þegar PFS mæli sérstaklega fyrir um í ákvörðun nr. 21/2014 um markaðsgreiningu á markaði 4/2008 og 5/2008 að heimilt sé að miða við allt að 30 daga fjárbindingu í veltufjármunum til að tryggja eðlilegan rekstur. Vísar Míla hér til 962 mgr. í viðauka A í ákvörðun 21/2014 þar sem tilgreint sé að heimilt sé að miða við allt að 30 daga fjárbindingu í veltufjármunum (e. Working Capital) til að tryggja eðlilegan rekstur.

Míla benti á að kostnaður vegna fjárbindingar í veltufjármunum hafi verið reiknaður skv. aðferðarfræði frá Analysis Mason en hún miðist við 30 daga útgjöld og ávöxtunarkrafa reiknuð af því fjármagni. Þessi aðferðarfræði hafi verið viðurkennd af PFS og benti Míla í því sambandi á ákvörðun PFS nr. 15/2011 um kostnaðargreiningu Símans á heildsöluverðum í almenna talsímanetinu.

Míla bendir á að úrskurður úrskurðarnefndar hafi átt við um heimtaugamarkað en ekki bitastraumsmarkað og þrátt fyrir þann úrskurð sé ekki þar með sagt að rétt og eðlilegt sé að kostnaðargreiningar taki ekki mið af kostnaði við veltufé, eins og eðlilegt sé að gera.

Míla fari því fram á að PFS endurskoði afstöðu sína varðandi útreikning á kostnaði vegna fjárbindingar í veltufé enda væri það í andstöðu við fyrri ákvarðanir PFS og ákvörðun nr. 21/2014 sem kostnaðargreiningin eigi að byggja á.

Míla bendir á að vegna breytingar á drögum á gjaldskrá fyrir aðgang að heimtaugum og tengigrindum hafi rekstrarkostnaður lækkað umtalsvert og verði [...] kr. Kostnaður við fjárbindingu í veltufé verði því [...] kr.

PFS telji eðlilegra að miða við meðalstöðu birgða á árinu 2014 í stað stöðu í árslok 2014. Meðalstaða miðað við birgðastöðu 31.12.2013 og 31.12.2014 sé [...] kr. (staða í árslok 2013 er [...] kr.). Samkvæmt því sé kostnaður við fjárbindingu í birgðum [...] kr. Míla bendi á að í árslok 2014 hafi verið keyptur vigrunarbúnaður fyrir um [...] m.kr. Þar sem sá búnaður hafi verið nýttur tiltölulega hratt hafi verið ákveðið að sleppa honum í útreikningnum þrátt fyrir að eðlilegt hefði verið að gera ráð fyrir kostnaði í nokkra mánuði vegna þessarar fjárbindingar.

Í pósti PFS til Mílu, dags. 28. nóvember 2016, kom fram að stofnunin hygðist ekki samþykkja útreikninga Mílu á fjárbindingu sem byggðu á því að kostnaður vegna fjárbindingar væri samanlagður kostnaður við fjárbindingu í birgðum og vegna 30 daga veltufjárbindingar. Vísaði stofnunin í ákvörðun PFS nr. 21/2014 að heimilt væri að miða við allt að 30 daga fjárbindingu í veltufjármunum (e. Working Capital) til að tryggja eðlilegan rekstur. Því samþykkti PFS að Mílu væri heimilt að reikna kostnað vegna veltufjárbindingar á grundvelli 30 daga útgjalda og að ávöxtunarkrafa væri reiknuð af því fjármagni. Hins vegar hafnaði PFS að til viðbótar væri reiknuð veltufjárbinding í birgðum enda færi það ekki saman að slíkt væri lagt til grundvallar á sama tíma og reiknuð væri veltufjárbinding á grundvelli fjárbindingar vegna útgjalda. PFS óskaði eftir því að Míla myndi uppfæra greininguna í samræmi við þetta.

Í svari Mílu, dags. 28. nóvember 2016, kom fram að Míla væri ekki sammála PFS varðandi fjárbindingu í birgðum, þ.e. að ekki þyrfti að reikna fjárbindingu í þeim sérstaklega. Fjárbinding í veltufjármunum miðist við þá fjárbindingu sem bundin sé í rekstri, ekki sé gert ráð fyrir neinum kostnaði vegna fjárfestinga. Birgðir séu í tilviki aðgangskerfa eingöngu vegna fjárfestinga og komi því aldrei nálægt rekstri og því ekki hluti af útreikningum á fjárbindingu



veltufjármuna. Það sé því að mati Mílu ekki hægt að fallast á að ekki sé eðlilegt að reikna þá fjárbindingu frekar en aðrar fjárfestingar. Míla óskaði því eftir því að PFS endurskoðaði þessa ákvörðun.

Þá kom fram hjá Mílu að ef fyrirtækið væri í heildsölu og þessar birgðir væru seldar jafnóðum út (og þar með færðar í rekstur jafnóðum) væri eðlilegt að reikna ekki þessa fjárbindingu sérstaklega en hér væri í raun um að ræða fjárfestingu en ekki kaup á vörum sem lentu strax á rekstri. Auk þess sé hluti birgða varahlutir og þeir fari aldrei á rekstur eða fjárfestingu heldur standi ávallt á meðal birgða í efnahag. Það þurfi því að reikna fjárbindingu vegna þessa liðar.

Í pósti, dags. 29. nóvember, ítrekaði PFS afstöðu sína varðandi útreikninga á fjárbindingu og vísaði í því sambandi í orðalag gjaldskrárkvaðar í ákvörðun PFS nr. 21/2014.

Sama dag lagði Míla fram uppfærða kostnaðargreiningu í samræmi við óskir PFS en Míla gerði hins vegar fyrirvara um afstöðu sína til útreikninga á fjárbindingu í birgðum. Samkvæmt uppfærðu greiningunni er kostnaður við fjárbindingu [...] kr.

2.3.1.4 Tekjur af tengiskilum, flutningi á margvarpi, IP talsímaþjónustu og stofngjöldum

Fram kemur hjá Mílu að tekjur af aðgangi að tengiskilum, flutningi á sjónvarps- og myndleigufni og IP talsímaþjónustu séu dregnar frá kostnaðargrunni þar sem kostnaður við rekstur þessara þátta sé innifalinn í kostnaðargrunninum.

Stofngjöld fyrir xDSL þjónustu séu í raun stofngjald heimtaugar. Þessar tekjur lendi því á heimtaugum en ekki xDSL þjónustunni. Í kostnaðargreiningu fyrir heimtaugar hafi verið tekið tillit til þessa. Tekjur vegna yfirtöku á xDSL þjónustu hafi hins vegar verið tekjufærðar á bitastraumsþjónustu Mílu. Innheimta Mílu á þessum tekjum hafi byrjað í september 2014 og hafi tekjurnar verið að meðaltali um [...] þús. kr. Þessar tekjur hafi verið uppreiknaðar til heils árs og dregnar frá kostnaði við bitastraumsþjónustuna, sbr. hér að neðan.

2.3.1.5 Heildarkostnaður

Niðurstaða Mílu samkvæmt síðustu uppfærslu á kostnaðargreiningunni er að heildarrekstrarkostnaður Aðgangskerfisins sé eftirfarandi: [...]

Eins og fram kemur í kafla 2.4 reiknar Míla með að tekjur vegna tengiskila á heildsöluskiptum og sambærilegum búnaði verði [...] kr. á ári. Þessar tekjur eru dregnar frá kostnaði við bitastraumsaðgang þar sem kostnaður við tengiskil er meðtalinn í kostnaðargrunninum.

Eins og fram kemur í kafla 2.6 reiknar Míla með að árlegar tekjur vegna margvarps- og myndleigufnis séu [...] kr. Míla miðar við stöðuna í byrjun maí 2015. Þessar tekjur eru dregnar frá kostnaði við bitastraumsaðgang þar sem kostnaður við margvarp er meðtalinn í kostnaðargrunninum.

Eins og fram kemur í kafla 2.7 reiknar Míla með að árlegar tekjur vegna IP talsímaþjónustu (VoIP) séu [...] kr. Þessar tekjur eru dregnar frá kostnaði við bitastraumsaðgang þar sem kostnaður við tengiskil er meðtalinn í kostnaðargrunninum.

Eins og fram kemur í kafla 2.10 voru tekjur Mílu vegna léna og tengiskila vegna samtenginga [...] kr. á árinu 2014. Þessar tekjur eru dregnar frá kostnaði við bitastraumsaðgang þar sem kostnaður við tengiskil er meðtalinn í kostnaðargrunninum.

2.3.1.6 Fjöldi línúgilda

Eftirfarandi kemur fram í kostnaðargreiningu Mílu, dags. 31. ágúst 2015, varðandi fjölda línúgilda:

„Fjöldi ADSL, VDSL, ADSL+, VDSL+ og G.SHDSL var eftirfarandi í desember 2014: [...]

Að mati Mílu þarf að reikna fjölda línúgilda á nokkra vegu eftir eðli kostnaðar:

- *Fjöldi undirliggjandi línúgilda vegna heimtaugaleigu ætti að miðast við þann fjölda heimtauga sem nýttar eru fyrir hverja tengingu.*
- *Fjöldi línúgilda vegna annars rekstrarkostnaðar ætti að miðast við mat á umfangi við rekstur á xDSL þjónustunni en plústengingar og G.SHDSL eru mun þyngri í rekstri pr. einingu en venjulegar xDSL tengingar*
- *Reikna þarf sérstaklega línúgildi vegna árgreiðslu fjárfestinga þar sem tekið er tillit til fjölda línukorta.*

Útreikningur á fjölda línúgilda miðast við ígildisstuðulinn 1 fyrir ADSL og VDSL. “

Línúgildi fyrir heimtaugar:

Fram kemur hjá Mílu að ekki séu reiknuð eiginleg línúgildi fyrir heimtaugaleigu.

Efra tíðnisvið heimtaugar er nýtt fyrir ADSL, ADSL+, VDSL og VDSL+ tengingar. Með fyrirhugaðri breytingu á gjaldskrá fyrir aðgang að heimtaugaleigu verður ekki lengur innheimt sérstakt gjald fyrir efra tíðnisviðið og því þarf ekki að gera ráð fyrir kostnaði vegna þessa við ákvörðun á gjaldi fyrir ADSL, ADSL+, VDSL og VDSL+ tengingar.

Undir G.SHDSL þjónustu eru hins vegar bæði tíðnisvið heimtaugar nýtt. Míla gerir ráð fyrir kostnaði við heimtaugaleigu í gjaldi fyrir G.SHDSL þjónustu þeirra. Í greiningu Mílu kemur fram að fjöldi undirliggjandi heimtauga er misjafn eftir gagnaflutningshraða.

Eftirfarandi kemur fram í kostnaðargreiningu Mílu, dags. 31. ágúst 2015:

„Fjöldi línúgilda vegna annars rekstrarkostnaðar:

Gerðar eru aðrar og meiri kröfur til plústenginga en á hefðbundnum xDSL tengingum. Það er því eðlilegt að plústengingar og G.SHDSL taki á sig hlutfallslega meiri kostnað en aðrar tengingar. Sem dæmi um atriði sem styðja þetta er eftirfarandi:

- *Plús tengingar og G.SHDSL eru settar upp í sér þjónustu VLAN-i. Um er að ræða sérstakar hugbúnaðarstillingar í búnaðinum.*
- *Plús tengingar og G.SHDSL eru að jafnaði með mun meiri gagnaumferð á bakvið sig en hefðbundnar ADSL og VDSL tengingar þar sem um er að ræða fyrirtækjatengingar og því eru oft á tíðum margir aðilar að nýta sömu tenginguna.*
- *Plús tengingar og G.SHDSL eru meðhöndlaðar á annan hátt en venjulegar tengingar, það eru t.d. mun meiri/dýrari mannaflí fenginn í að bilanagreina fyrirtækjatengingar en einstaklingstengingar.*
- *Þar sem oft á tíðum er um að ræða tengingar sem þola ekki rof í langan tíma vegna fyrirtækjarekstrar eru þessar tengingar í hærri forgangi en aðrar tengingar við bilanagreiningu og viðgerð.*



- Þegar verið er að uppfæra yfir á nýjan búnað, t.d. frá ASAM í ISAM, þá eru plústengingar meðhöndlaðar sérstaklega og jafnvel haft samband við eiganda tengingar og beðið meðan hann prófar tengingu.
- Bilanahætta er meiri vegna truflana af plústengingum en öðrum tengingum.

Míla telur því eðlilegt að hver ADSL+ og VDSL+ tenging taki á sig [...] rekstrarkostnað á við ADSL og VDSL. Stuðullinn fyrir plústengingar verður því [...] pr. tengingu að lágmarki vegna rekstrarkostnaðar við DSL búnað.

Gagnaflutningshraði G.SHDSL tenginga hefur einnig áhrif á fjölda tengiskila og fjölda undirliggjandi heimitauga. Míla hefur boðið upp á eftirfarandi þjónustu fyrir G.SHDSL:

- 2 Mb/s: 1 tengiskil og 1 koparheimtaug
- 4 Mb/s: 2 tengiskil og 2 koparheimtaugar
- 5 Mb/s: 1 tengiskil og 1 koparheimtaug
- 10 Mb/s: 2 tengiskil og 2 koparheimtaugar
- 15 Mb/s: 3 tengiskil og 3 koparheimtaugar
- 20 Mb/s : 4 tengiskil og 4 koparheimtaugar

Skýringin á því að 5 Mb/s tengingar nýta færri tengiskil og heimtaugar en 4 Mb/s er sú að í 5 Mb/s er notast við nýrri tækni sem gerir það kleift að færri heimtaugar eru notaðar undir tengingarnar.

Míla telur eðlilegast að við útreikning á línuígildum fyrir G.SHDSL fyrir annan kostnað en leigu á heimtaugum verði 2 sinnum hærri pr. tengiskil en ADSL/VDSL. Þó er miðað við að 2 Mb/s og 5 Mb/s taki á sig þrefaldan kostnað á við ADSL/VDSL.

Ástæða þess að ekki er miðað við þrefaldan kostnað á SHDSL+ (nema 2 Mb/s og 5 Mb/s) eins og í plústengingum er sú að ein tenging er að nýta allt að fjögur tengiskil á meðan aðeins er um eitt tengiskil að ræða í ADSL/VDSL plústengingum. Má því ætla að einhver samnýting sé til staðar þegar um er að ræða tengingu með fleiri en einum tengiskilum. Það er því mat Mílu að eðlilegt sé að miða við stuðulinn 2 en ekki 3. Tengingar með 2 Mb/s og 5 Mb/s gagnaflutningshraða hafa undirliggjandi eina heimtaug eins og ADSL/VDSL og því rétt að miða við stuðulinn 3 þar eins og við mat á ADSL/VDSL.

Stuðull vegna árgreiðslu fjárfestinga

Þar sem ADSL, VDSL, ADSL+ og VDSL+ nýta eitt tengiskil fyrir hverja tengingu er stuðullinn fyrir útreikningi á einingaverði vegna kostnaðar við fjárfestingu 1.

G.SHDSL tengingar eru að öllu jöfnu með helmingi færri tengingar per línukort en aðrar xDSL tengingar. Á ISAM eru því 24 tengiskil per línukort á G.SHDSL en 48 tengiskil á ADSL/VDSL. Þá eru eins og fram kemur hér að ofan nýtt frá einu upp í fjögur tengiskil fyrir tengingar.

Það er því mat Mílu að vægi G.SHDSL í kostnaði við fjárfestingar sé tvöfalt fyrir hver tengiskil. Stuðullinn er því allt frá 2 upp í 8 fyrir G.SHDSL.

Stuðull vegna hraða:

Eðlilegt er að hafa mismunandi verð á ADSL+ og VDSL+ tengingum eftir gagnaflutningshraða. Því meiri hraði því meiri líkur eru á truflunum og bilunum á tengingunni. Til að mæta þessu telur Míla mikilvægt að því meiri sem hraðinn er því dýrari verði tengingin líkt og hjá stafrænum leigulínum í Aðgangneti (M6). Míla gerir ráð fyrir að stuðullinn verði eftirfarandi:

	Hraða- stuðull
ADSL, A1.....	1,0
ADSL, A3.....	1,0
VDSL, A1.....	1,0
VDSL, A3.....	1,0
ADSL+ 2 Mb/s.....	1,0
ADSL+ 4Mb/s.....	1,2
ADSL+ 6 Mb/s.....	1,3
ADSL+ 8 Mb/s.....	1,35
ADSL+ 14 Mb/s.....	1,4
VDSL +50 Mb/s.....	1,6
VDSL +100 Mb/s.....	2,0
SHDSL+ 2 Mb/s.....	1,0
SHDSL+ 4 Mb/s.....	1,1
SHDSL+ 5 Mb/s.....	1,2
SHDSL+ 10 Mb/s.....	1,35
SHDSL+ 15 Mb/s.....	1,4
SHDSL+ 20 Mb/s.....	1,5

Línuígildi - samandregið

Við útreikning á línúígildi er hraðastuðull margfaldaður með stuðul pr. tengingu. Þannig eru fengin línúígildi fyrir útreikning á öðrum rekstrarkostnaði en heimtaugaleigu pr. einingu og línúígildi fyrir útreikning á árgreiðslu fjárfestinga pr. einingu.

Samkvæmt ofansögðu eru línúígildi eftirfarandi:“

[...]

2.3.1.7 Útreikningur leiguverðs á Aðgangleið 1

Einingaverð vegna heimtaugaleigu

Eins og fram kemur hér að framan er gert ráð fyrir undirliggjandi heimtaugum í verði á G.SHDSL+.

Míla reiknar með [...] heimtaugum undir G.SHDSL+ þjónustu sína og kostnaður vegna þess er því [...] kr. á ári miðað við fyrirhugað verð fyrir aðgang að heimtaug, 1.444 kr./mán.

Míla reiknar fjölda heimtauga undir G.SHDSL+ á eftirfarandi hátt: [...]

Einingaverð vegna heimtaugaleigu eru reiknuð á eftirfarandi hátt:[...]

Verðið vegna heimtaugaleigu verður því eftirfarandi:[...]

Einingaverð vegna rekstrarkostnaðar

Míla reiknar einingaverð vegna rekstrarkostnaðar á eftirfarandi hátt:[...]

Einingaverð vegna árgreiðslu fjárfestinga

Míla reiknar einingaverð vegna árgreiðslu fjárfestinga á eftirfarandi hátt:[...]

Fram kemur hjá Mílu að fremsti dálkurinn innifeli allan sameiginlegan kostnað við ADSL, ADSL+, VDSL, VDSL+ og G.SHDSL, miðjudálkurinn sé sérgreindur kostnaður vegna ADSL, VDSL, ADSL+ og VDSL+ og aftasti dálkurinn sé sérgreindur kostnaður G.SHDSL.



Einingaverð - niðurstaða

Samkvæmt ofansögðu er niðurstaða útreikninga Mílu eftirfarandi:

[...]

Verð miðað við mismunandi þjónustu og gagnaflutningshraða verður því eftirfarandi: [...]

Míla gerir ráð fyrir óbreyttu stofngjaldi og yfirtöku á xDSL þjónustu:

Stofngjald	3.166 kr.
Yfirtaka á xDSL þjónustu	1.329 kr.

2.3.1.8 Áhrif verðbreytinga

Míla hefur tekið saman áhrif verðbreytingar í eftirfarandi töflu:

Aðgangsgleið 1:				Neðra			Samtals		
	Verð	Verð áður	Breyting	Verð nú	Verð áður	Verð nú	Verð áður	Breyting	
ADSL og VDSL.....	728	912	-20%	1.444	1.042	2.172	1.954	11%	
ADSL+ 2 Mb/s.....	1.652	2.416	-32%	1.444	1.042	3.096	3.458	-10%	
ADSL+ 4Mb/s.....	1.982	2.868	-31%	1.444	1.042	3.426	3.910	-12%	
ADSL+ 6 Mb/s.....	2.147	3.440	-38%	1.444	1.042	3.591	4.482	-20%	
ADSL+ 8 Mb/s.....	2.230	3.440	-35%	1.444	1.042	3.674	4.482	-18%	
ADSL+ 14 Mb/s.....	2.312	3.550	-35%	1.444	1.042	3.756	4.592	-18%	
VDSL + 50 Mb/s.....	2.643	2.424	9%	1.444	1.042	4.087	3.466	18%	
VDSL + 100 Mb/s....	3.304			1.444	1.042	4.748			
SHDSL+ 2 Mb/s.....	3.476	3.978	-13%			3.476	3.978	-13%	
SHDSL+ 4 Mb/s.....	6.344	6.134	3%			6.344	6.134	3%	
SHDSL+ 5 Mb/s.....	4.278	6.272	-32%			4.278	6.272	-32%	
SHDSL+ 10 Mb/s.....	7.134	9.651	-26%			7.134	9.651	-26%	
SHDSL+ 15 Mb/s.....	10.938	11.590	-6%			10.938	11.590	-6%	
SHDSL+ 20 Mb/s.....	15.216	14.510	5%			15.216	14.510	5%	

2.3.2 Afstaða PFS

2.3.2.1 Rekstrarkostnaður

Míla hefur lagt fram upplýsingar um rekstrarkostnað vegna bitastraumsþjónustu félagsins á árinu 2014, en jafnframt er rekstrarkostnaður ársins 2015 lagður fram til samanburðar. PFS byggir á framlögðum upplýsingum Mílu við mat sitt. Einnig byggir PFS á gögnum sem sýna fjárhagslega aðgreiningu í rekstri Mílu í samræmi við kvöð um bókhaldslegan aðskilnað.

Eins og fram kemur hjá Mílu þá er tölurverð hækkun á rekstrarkostnaði frá síðustu greiningu en þá var það rekstrarkostnaður Símans sem lá til grundvallar útreikningum á aðgangsverðum fyrir bitastraumsþjónustu. Að mati Mílu má að hluta til finna skýringu á þeirri miklu hækkun rekstrarkostnaðar milli 2012 og 2014 í því að Síminn hafi á sínum tíma vantalið kostnað. Kostnaður vegna [...] hafi verið vantalið í greiningu Símans. Að hluta til megi rekja það til þess að ekki var miðað við heilt rekstrarár. Þá benti Míla á að með götuskápavæðingu aukist umfangið á rekstrinum.

Í ljósi þessa misræmis í rekstrarkostnaði milli 2012 og 2014 þá fór PFS fram á að fá upplýsingar um rekstrarkostnað bitastraumsþjónustu Mílu á árinu 2015, sbr. kafla 2.3.1.1 hér að ofan. Þegar



rekstrarkostnaður áráanna 2014 og 2015 er borinn saman kemur í ljós að ekki er mikill munur á heildarrekstrarkostnaði bitastraumsþjónustu Mílu en hann hafði hækkað um [...]% milli ára.

Stór þáttur í rekstrarkostnaði bitastraumsþjónustunnar í dag er leiga á efri tíðnisviði heimitauga en samkvæmt nýjum drögum að ákvörðun um endurskoðun á gjaldskrá Mílu fyrir heimitaugaleigu verður heimitaugagjaldinu ekki lengur skipt upp í efra og neðra tíðnisvið en í staðinn verður eingöngu greitt eitt gjald fyrir aðgang heimitauginni. Þetta mun hafa það í för með sér að kostnaðar við aðgang að heimitaugum verður ekki lengur til staðar í rekstri bitastraumskerfisins að undanskildum þeim heimitaugum sem notaðar eru undir G.SHDSL þjónustu. Ný gjaldskrá Mílu fyrir aðgang að koparheimitaugum mun taka gildi á sama tíma og gjaldskrá fyrir bitastraumsþjónustu Mílu. Ekki er því gert ráð fyrir kostnaði við leigu á heimitaugum að undanskildum kostnaði við heimitaugar sem nýttar eru undir G.SHDSL þjónustu Mílu. Míla reiknar kostnað vegna heimitauga undir G.SHDSL út frá fjölda heimitauga sem nýttar eru undir þjónustuna.

Niðurstaða PFS er því að sá rekstrarkostnaður Mílu á árinu 2014 sem lagður er til grundvallar útreiknings á bitastraumsþjónustu sem veitt er um aðgangsléið 1 nemi samtals [...] millj. kr.

2.3.2.2 Fjárfestingarkostnaður

Í ákvörðun PFS nr. 21/2014 kemur fram að við mat fjárfestingar skuli byggja á sviptivirði rekstrarfjármuna, þar sem tekið er tillit til næstu kynslóða aðgangsneta (NGA). Þá kom fram í ákvörðuninni að uppsetningar-, fjárfestingar- og rekstrarkostnaður heildsöluskipta skyldi reiknaður inn í mánaðargjöld fyrir aðgangsléið 1.

Samkvæmt ákvörðun PFS nr. 21/2014 skal beita árgreiðsluáðferð til að reikna árlegan kostnað vegna rekstrarfjármuna. Við ákvörðun árgreiðslu vegna fjárfestingar í bitastraumskerfinu er Mílu heimilt að notast við verðþróunar árgreiðsluáðferðina (e. Tilted Annuity Depreciation Method). Við mat á líftíma rekstrarfjármuna skal horfa til nýtingarvirðis eigna.

Tekið er mið af fjárfestingum fyrirtækisins (CAPEX) á árunum 2014 og 2015. Að beiðni PFS lagði Míla fram afrit af reikningum því til staðfestingar. PFS telur að mat Mílu byggji í meginráttum á sviptivirði rekstrarfjármuna, þar sem tekið er tillit til næstu kynslóða aðgangsneta (NGA) í samræmi við gjaldskrárvöð þess efnis. PFS gerði athugasemd við þá afslætti sem Míla miðaði við á innkaupsverði búnaðar en féllst á að miðað yrði við [...]% afslátt af listaverði birgja eins og fram kom í reikningum frá birgjum Mílu.

Í samræmi við fyrirmæli ákvörðunar PFS nr. 21/2014 er nú fjárfestingarkostnaður heildsöluskipta inni í heildarfjárfestingu sem liggur til grundvallar útreikningum á mánaðarverðum fyrir xDSL þjónustu Mílu. Tekjur vegna stofngjalda heildsöluskipta sem Míla hefur innheimt koma til frádráttar fjárfestingakostnaði heildsöluskiptanna.

Endurstofnverð fjárfestingar er metið alls um [...] millj. kr. Líftími búnaðar er metinn 7 ár, innanhúss ljósleiðaralagnir 20 ár og hugbúnaðarleyfi 8 ár. PFS samþykkir styttingu á líftíma DSL búnaðar úr 8 árum í 7 ár vegna ljósheimtaugavæðingar Mílu og fleiri aðila á markaði, auk tækniþróunar, svo sem í farnetum. PFS gerir ekki athugasemd við 20 ára líftíma þess ljósleiðara sem hér um ræðir. Almennt hefur verið miðað við 25 ára líftíma ljósleiðara í stofnlínum og heimitaugum en þá er um ræða blandaðan líftíma skurða, röra, ljósleiðara o.fl.

Míla styðst við verðþróunar árgreiðsluáðferðina (Tilted Annuity Depreciation Method) við útreikning á árgreiðslu vegna fjárfestinga með tilliti til verðþróunar. Reiknað er með sömu verðþróun („tilt“) og áður eða -5%.



Niðurstaðan Mílu sem PFS samþykkir er sú að árgreiðsla vegna fjárfestinga sem lögð er til grundvallar útreiknings er [...] millj. kr.

2.3.2.3 Kostnaður við fjárbindingu

Eðlilegt er að gera ráð fyrir að binda þurfi fjármagn til að viðhalda rekstrarhæfni og þar með gera fjármagnskröfu á þessa fjárbindingu.

Í mgr. 962 í kafla 10.5.5 (Kvöð um eftirlit með gjaldskrá) í ákvörðun PFS nr. 21/2014 er varðar markaðsgreiningu á heildsölumarkaði fyrir breiðbandsaðgang (M5) segir:

„Heimilt er að miða við allt að 30 daga fjárbindingu í veltufjármunum (e. Working Capital) til að tryggja eðlilegan rekstur.“

Gjaldskrárkvæðir sbr. ákvörðun PFS nr. 21/2014 eru enn í gildi, en ákvörðunin var ekki kærð til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála né borin undir dómstóla og hefur hún því gildi að lögum gagnvart Mílu.

Í samræmi við framangreinda kvöð þess efnis þá er Mílu heimilt að reikna kostnað vegna veltufjórþingingar á grundvelli 30 daga útgjalda þar sem ávöxtunarkrafa er reiknuð af þeirri fjárhæð. Í samræmi við framangreint þá nemur árlegur kostnaður vegna fjórþingingar um [...] millj. kr.

PFS bendir á að ákvæðið í kvöðunum er í samræmi við viðurkennda aðferðarfræði og hefur m.a. verið beitt af ráðgjafafyrirtækinu Analysys Mason sem unnið hefur fyrir Símann, sem Míla vísar réttilega til í bréfi, dags. 5. september sl. Um er að ræða gróft mat á þeirri fjármögnun sem nauðsynleg er til að viðhalda eðlilegum rekstri hverju sinni.

PFS bendir einnig á að veltufjármunir geta verið að fullu fjármagnaðir með viðskiptaskuldum og öðrum skammtímaskuldum, auk þess sem skammtíma eignagrunnur getur verið með meiri vaxtatekjur en vaxtagjöld í skammtíma skuldagrunni. Horfa þarf því til fleiri þátta en Míla gerir vegna mats á veltufjórþingingu, s.s. fjármögnun með skammtímaskuldum sem bera ekki vexti, en veltufjármunir eins og birgðir og viðskiptakröfur virðast að stórum hluta vera fjármagnaðir af viðskipta- og skammtímaskuldum hjá Mílu sé horft til upphafs og lok ársins 2014. Míla hefur ekki sýnt fram á að fjármögnun birgða vegna bitastraumsþjónustu félagsins sé með þeim hætti að bæta þurfi félaginu það umfram það sem 30 daga reiknireglan leiðir af sér.

2.3.2.4 Heildarkostnaður

Í eftirfarandi töflu má sjá samantekt yfir heildarkostnað bitastraumsþjónustu Mílu um aðgangsleið 1:[...]

2.3.2.5 Fjöldi línuígilda

Kostnaður vegna xDSL þjónustu Mílu í aðgangsleið 1 er tekin saman í heild og þeim kostnaði er skipt á mismunandi þjónustur með notkun línuígilda. Tekið er tillit til mismunandi kostnaðar þjónustupátta og hraða tenginga við ákvörðun línuígilda.

Til að ákvarða línuígildi notar Míla þrjá stuðla: Hraðastuðul, stuðul vegna rekstrarkostnaðar og stuðul vegna fjórþingingakostnaðar.

Fyrirtækjatengingar eru með hærri stuðul vegna rekstrarkostnaðar en venjulegar xDSL tengingar og hefur Míla tilgreint þá þætti í rekstrinum sem horft er til í því sambandi. Einnig hefur fjöldi tengiskila og fjöldi undirliggjandi heimtauga áhrif á þennan stuðul G.SHDSL tenginga.



Niðurstaða Mílu varðandi ígildi G.SHDSL tenginga var að ígildi vegna rekstrarkostnaðar 4 Mb/s tengingar var hærri en 5 Mb/s tengingar sem þýðir að mánaðarverð 4 Mb/s G.SHDSL er hærri en 5 Mb/s G.SHDSL. Þann 24. nóvember sl. óskaði PFS eftir frekari skýringum á þessu. Fram kom í svari Mílu að 4Mb/s G.SHDSL tengingar séu byggðar upp með tveimur G.SHDSL tengingum sem hafa verið settar saman (e. bonded) til að mynda eina 4Mb/s tengingu. Það sé verið notast við eldri tækni byggða á ATM sem ræður aðeins við 2Mb/s per línu og tengiskil. Fyrir 5Mb/s tengingu þurfi hins vegar eina G.SHDSL.bis tengingu sem þurfi eina línu og 1 port. G.SHDSL.bis séu byggð á Ethernet protocol. Þá kom fram hjá Mílu að fyrirtækið stefni að því að hætta að bjóða nýttengingar á 4Mb/s G.SHDSL og bjóða í staðinn 5Mb/s á G.SHDSL.bis.

Stuðull vegna fjárfestingakostnaðar tekur mið af fjölda tengiskila sem nýtt eru undir hverja þjónustu.

Fjöldi ígilda vegna rekstrarkostnaðar reiknast [...] en vegna fjárfestingakostnaðar eru ígildin [...].

PFS gerir ekki athugasemd við ígildisútreikninga Mílu og niðurstöðu Mílu um línuígildi hvernar þjónustu.

2.3.2.6 Útreikningur leiguverðs

Meginforsendur uppfærðs kostnaðarlíkans Mílu eru eftirfarandi:

- Rekstrarkostnaður er í megin dráttum grundvallaður á rekstri ársins 2014, en horft er til ársins 2015 til samanburðar. Kostnaður vegna ljóslína í götuskáp miðast við kostnað í desember 2014 uppreiknað til 12 mánaða og fjöldatölur vegna aðgangs að tengigrindum miðast við fjölda seldra eininga í desember 2014.
- Fjárfestingarstofninn er reiknaður út frá endurstofnverði fjárfestinga. Tekið er mið af fjárfestingum fyrirtækisins á árunum 2014 og 2015. Miðað er við meðalgengi evru fyrstu sex mánuði ársins 2015. Miðað er við raunkostnað við uppsetningu búnaðar á árinu 2014 og er uppsetningakostnaður einstaka búnaðar reiknaður út frá honum.
- Einingarfjöldi er miðaður við fjölda tenginga í árslok 2014.
- Ávöxtunarkrafa fjármagns (WACC) er 7,4% vegna ársins 2014.

Míla reiknar heildarkostnað við rekstur xDSL þjónustu sína og tilheyrir sá kostnaður aðgangsleið 1 að frádregnum flutningi um stofnnet Mílu og MPLS-IP net Símans. Áætlaðar tekjur af stofngjöldum, aðgangi að tengiskilum, margvarpi og VoIP ásamt lénum og tengiskilum vegna samtenginga eru dregnar frá rekstrarkostnaði til að ákvarða mánaðargjöld fyrir xDSL tengingar. Frádreagnar tekjur eru áætlaðar út frá seldum einingum.

Einingaverð samanstanda af hlutdeild í árgreiðslu vegna línukorta, annarri árgreiðslu og rekstrarkostnaði. Þá bætist kostnaður vegna heimtauga við einingakostnað G.SHDSL tenginga.

Rekstrarkostnaður á hvert ígildi er [...] kr./mán. Þessi kostnaður er reiknaður út frá heildarrekstrarkostnaði auk fjárbindingar í veltufé að frádregnum tekjum. Eins og tilgreint er hér að ofan er miðað við [...] ígildi vegna rekstrarkostnaðar.

Árgreiðsla vegna línukorta er mismunandi eftir því hvort um ADSL/VDSL eða G.SHDSL kort er að ræða. Árgreiðsla ADSL/VDSL línukorta á hvert línuígildi er [...] kr./mán. á meðan þessi kostnaður vegna G.SHDSL línukorta er [...] kr./mán. Línuígildi ADSL/VDSL tenginga eru [...] en ígildi G.SHDSL eru [...]. Önnur árgreiðsla á hvert ígildi er [...] kr./mán. og miða þeir útreikningar við [...] ígildi vegna árgreiðslu búnaðar.



Til að reikna mánaðarverð mismunandi xDSL tenginga þar sem tekið er tillit til eiginleika og hraða eru notuð ígildi. Ígildisstuðul hvernar tengingar má sjá í eftirfarandi töflu:

Þjónusta	Heim- taug	Ár- greiðsla	Árgreiðsla línukort	Rekstrar- kostnaður
ADSL og VDSL	0	1,00	1,00	1,00
ADSL+ 2 Mb/s	0	1,00	1,00	3,00
ADSL+ 4Mb/s	0	1,20	1,20	3,60
ADSL+ 6 Mb/s	0	1,30	1,30	3,90
ADSL+ 8 Mb/s	0	1,35	1,35	4,05
ADSL+ 14 Mb/s	0	1,40	1,40	4,20
VDSL + 50 Mb/s	0	1,60	1,60	4,80
VDSL + 100 Mb/s	0	2,00	2,00	6,00
G.SHDSL 2 Mb/s	1	2,00	2,00	3,00
G.SHDSL 4 Mb/s	2	4,40	4,40	4,40
G.SHDSL 5 Mb/s	1	3,60	3,60	3,60
G.SHDSL 10 Mb/s	2	5,40	5,40	5,40
G.SHDSL 15 Mb/s	3	8,40	8,40	8,40
G.SHDSL 20 Mb/s	4	12,00	12,00	12,00

Kostnaður á hvert ígildi er margfaldað með ígildum hvernar tengingar til að fá einingaverð fyrir mismunandi tengingar. Niðurstöðuna má sjá í eftirfarandi töflu:

Þjónusta	Heim- taug	Ár- greiðsla	Árgreiðsla línukort	Rekstrar- kostnaður	Samtals
ADSL og VDSL	0	[...]	[...]	[...]	728
ADSL+ 2 Mb/s	0	[...]	[...]	[...]	1.652
ADSL+ 4Mb/s	0	[...]	[...]	[...]	1.982
ADSL+ 6 Mb/s	0	[...]	[...]	[...]	2.147
ADSL+ 8 Mb/s	0	[...]	[...]	[...]	2.230
ADSL+ 14 Mb/s	0	[...]	[...]	[...]	2.312
VDSL + 50 Mb/s	0	[...]	[...]	[...]	2.643
VDSL + 100 Mb/s	0	[...]	[...]	[...]	3.304
G.SHDSL 2 Mb/s	[...]	[...]	[...]	[...]	3.476
G.SHDSL 4 Mb/s	[...]	[...]	[...]	[...]	6.344
G.SHDSL 5 Mb/s	[...]	[...]	[...]	[...]	4.278
G.SHDSL 10 Mb/s	[...]	[...]	[...]	[...]	7.134
G.SHDSL 15 Mb/s	[...]	[...]	[...]	[...]	10.938
G.SHDSL 20 Mb/s	[...]	[...]	[...]	[...]	15.216

Í samræmi við það sem fram kemur hér að ofan samþykkir PFS útreikninga Mílu á hlutdeild einstaka þjónustuliða í rekstrarkostnaði og árgreiðslu fjárfestinga.

2.4 Aðgangur að tengiskilum á heildsöluskiptum og sambærilegum búnaði

2.4.1 Kostnaðargreining Mílu

Í kostnaðargreiningu Mílu, dags. 31. ágúst 2015, kemur eftirfarandi fram varðandi heildsöluskipta:

„Í markaðsgreiningu PFS á bitastraumsaðgangi í heildsölu ákvarðaði PFS að kostnaður við heildsöluskipta skyldi vera hluti af mánaðargjaldi fyrir aðgangssleið 1.

Míla bendir á að taka þarf tillit til þess að heildsöluskiptar og sambærilegur búnaður er einnig nýttur fyrir fyrirtækjatengingar og er það því nauðsynlegt að innheimta sérstaklega fyrir aðgang að tengiskilum fyrir fyrirtækjatengingar.

Auk þess að bjóða upp á tengiskil fyrir fyrirtækjatengingar á ISAM og heildsöluskiptum getur Míla boðið upp á þessa þjónustu á MPLS-TP búnaði (svo framarlega sem viðkomandi er á aðgangssleið 1). Sá búnaður er að mati Mílu sambærilegur við heildsöluskipta hvað varðar tengiskil fyrir fyrirtækjatengingar.

Það er því nokkuð óljóst hvaða markaði þessi vara ætti að tilheyra. Tengiskilin eru fyrir tengingar á leigulínusamböndum innan aðgangsnets eða á milli aðgangsnets og stofnnets. ISAM búnaðurinn og heildsöluskiptar tilheyra markaði 5, MPLS-TP tilheyrir stofnlínemarkaði en eins og áður segir geta fyrirtækjatengingarnar tilheyrt markaði 6, stofnlínemarkaði eða báðum mörkuðum.

Þrátt fyrir þennan óskýrleika verður þessi vara sett fram á markaði 5.

Verðmunur á milli 1 Gb/s og 10 Gb/s fyrir tengiskil á heildsöluskiptum er að mati Mílu allt of lítill í dag. Fyrirtæki sem leigja meira en tvö til þrjú 1 Gb/s tengiskil munu frekar setja upp sinn eigin búnað þegar verðmunurinn er svo lítill enda hefur viðskiptavinur Mílu þegar sagt upp tengiskilum og sett upp sinn eigin búnað þar sem það er hagkvæmt. Það er því nauðsynlegt að leiðrétta þetta þegar ný verðskrá er ákveðin.

Míla hefur hug á að bjóða upp á aðgang að tengiskilum á sambærilegum búnaði og heildsöluskiptum þar sem hann er fyrir hendi, t.d. á MPLS-TP eða ISAM búnaði til að lágmarka fjárfestingar. Að mati Mílu er því eðlilegt að hafa verð fyrir tengiskil það sama hvort sem um er að ræða heildsöluskipta, MPLS-TP eða ISAM búnað. Verð fyrir tengiskil á Ethernetþjónustu með 1 Gb/s gagnaflutningshraða er 7.000 kr. á mánuði og 10 Gb/s kostar 35.000 kr. Þessi verðmunur er að mati Mílu eðlilegur.

Míla reiknar því með því að aðgangur að tengiskilum fyrir fyrirtækjatengingar á ISAM, MPLS-TP og Ethernetþjónustu verði 7.000 kr. fyrir 1 Gb/s tengingar og 35.000 kr. fyrir 10 Gb/s tengingar.

Miðað við fjölda tengiskila undir fyrirtækjatengingar í maí 2015 eru tekjur af þessari þjónustu [...] kr. á ári og eru þær dregnar frá kostnaðargrunni fyrir Aðgangssleið 1.

Skilyrði fyrir aðgang að tengiskilum er að viðkomandi viðskiptavinur bjóði upp á bitastraumsþjónustu á Aðgangssleið 1 á þeim stað sem óskað er eftir aðgangi að tengiskilum. “

Eftirfarandi tafla sýnir verð Mílu fyrir aðgang að tengiskilum vegna fyrirtækjatenginga á heildsöluskiptum og sambærilegu:

	Mánaðar- gjald
1 Gb/s.....	7.000
10 Gb/s.....	35.000

2.4.2 Afstaða PFS

Eins og fram kom hjá Mílu þá var kveðið á um það í ákvörðun PFS nr. 21/2014 að kostnaður vegna heildsöluskipta skyldi vera innifalinn í mánaðarverði fyrir aðgangsléið 1 á sama hátt og kostnaður við ISAM búnaðinn. Þar sem Míla nýtir ISAM og heildsöluskipta einnig fyrir fyrirtækjatengingar þá koma tekjur vegna þeirra tenginga til frádráttar á þeim kostnaði sem liggur til grundvallar mánaðarverðum fyrir aðgangsléið 1.

PFS gerir ekki athugasemd við að Míla samræmi verð fyrir aðgang að tengiskilum vegna fyrirtækjatenginga og miðað verði við verð fyrir aðgang að tengiskilum Ethernetþjónustunnar (MPLS-TP). Áætlaðar tekjur af þessum tengiskilum sem koma til frádráttar taka mið af þessari verðbreytingu.

Mánaðargjöld fyrir aðgang að tengiskilum verða því 7.000 kr. fyrir 1 Gb/s tengiskil og 35.000 kr. fyrir 10 Gb/s tengiskil.

2.5 Flutningur á sjónvarpsefni (Margvarp, e. Multicast) og myndleigufni (e. Unicast)

2.5.1 Kostnaðargreining Mílu

Í kostnaðargreiningu Mílu, dags. 31. ágúst 2015, bendir Míla á að í ákvörðun PFS nr. 21/2014 um útnefningu fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á mörkuðum fyrir heildsöluáðgang að föstum aðgangsnetum (M4) og breiðbandsaðgang í heildsölu (M5) komi fram að Míla skuli bjóða upp á gæðastýrðan (QoS) bitastraumsaðgang, þ.e. flutning sjónvarpsefnis (e. multicast) og myndleigufnis (e. unicast).

Endanotendur með margvarp séu í flestum tilvikum einnig með aðgang að myndleigufni og öfugt. Míla standi fyrir uppfærslu og áætli að allir endanotendur með sjónvarpsþjónustu muni einnig hafa aðgang að myndleigufni. Að mati Mílu sé því óþarfi að bjóða upp á sitt hvora verðskrána fyrir flutning á margvarpi og aðgangi að flutningi á myndleigufni.

Míla geri því ráð fyrir að flutningur á myndleigufni verði innifalinn í verðskrá fyrir flutning á sjónvarpsefni.

Míla lagði til að verð fyrir margvarp yrði reiknað á sama hátt og núverandi verð, þ.e. að reiknað yrði með að kostnaður við þjónustuna væri [...] % af kostnaði við DSLAM, árgreiðslu búnaðar og fjárbindingu birgða.

Í ljósi þess að kostnaðarskiptingin [...] milli þjónustu byggði á eldri umferðartölum þegar sjónvarpsþjónustan var tiltölulega ný af nálinni óskaði PFS eftir upplýsingum um skiptingu umferðar í bréfi stofnunarinnar til Mílu dags. 24. júní 2016.

Í svari Mílu, dags. 5. september 2016, kom eftirfarandi fram:

„Míla hefur ekki verið að mæla umferð eftir gerð hennar en þegar þessi ósk kom fram skoðuðu tæknimenn Mílu hvort hægt væri að mæla umferð í núverandi mælingarkerfum xDSL kerfisins.



Eftir nokkra yfirlegu er niðurstaðan sú að núverandi mælingakerfi bjóði ekki upp á þennan möguleika, þ.e. að mæla umferð á hverju VLAN-i. Míla kannaði því aðra möguleika til að meta umferðina. Míla hefur aðgang að umferðarmælingum frá Símanum og samkvæmt þeim er hámarksútfærsla niðurbands á BBRAS Símans um [...] Gb/s. Á sama tíma eru að hámarki um [...] tengingar að fara um BRAS kerfi Símans. Má því álykta að meðal niðurbands internetumferð á hámarksstíma séu um [...] kb/s á hverja tengingu. Míla hefur einnig aðgang að heildarumferð til Símans í Breiðholti og er hámarks niðurbandsútfærsla um [...] Gb/s. Heildarþjöldi notenda sem fara um tenginguna er [...] miðað við 2. september 2016. Miðað við þessar tölur er heildarniðurbandsútfærsla á tengingu um [...] kb/s, þ.e. óháð tegund. Þar af er internetumferð 840kb/s og því er IPTV og VoIP um [...] kb/s. Samkvæmt mælingum Símans er meðalhámarksbandvidd á hverja VoIP tengingu um [...] kb/s. Á Breiðholti eru skráðar [...] VoIP tengingar og því má álykta sem svo að VoIP umferð um Breiðholt sé á hámarki [...] kb/s eða um [...] kb/s/tengingu. IPTV er því um [...] kb/s. Taka skal fram að í þessum útreikningum er ekki tekið tillit til upphalsumferðar en eins og PFS er kunnugt um er svo til engin sjónvarpsútfærsla að fara frá notanda.

Ef notast er við þessa skiptingu umferðar til að skipta kerfishliðar kostnaði þá skiptast þessi [...] þannig, internet um [...]% , sjónvarp um [...]% og símbjónusta sem [...].

Míla telur þó að líta megi á Internet sem grunnþjónustu á tengingunni og IPTV og að VoIP sé virðisaukandi þjónusta á kerfunum. Því til stuðnings má taka nýjar reglur um nethlutleysi þar sem mikil áhersla er lögð á internettengingar umfram aðra þjónustu eins og IPTV. Einnig má benda á þessu til stuðnings að bæði IPTV og VoIP þjónustu má í dag veita svo til hnökralaust yfir internet með svokölluðum OTT þjónustum. OTT þjónusta hefur það samkeppnisforskot yfir hefðbundna IPTV og VoIP að þurfa ekki að greiða fyrir umferð um xDSL kerfið eða internetið. Míla telur því eðlilegt, jafnvel þó að færa megi rök fyrir því að IPTV taki í dag meira hlutfall en þau [...]% kostnaðar, að ekki skuli breyta þessum stuðlum til að raska ekki þessum markaði frekar en mun gerast með eðlilegum hætti. [...] Mun þá Internet hvort sem er þurfa að bera allan þennan kostnað.“

Í bréfi PFS til Mílu, dags. 28. nóvember 2016, óskaði stofnunin eftir að miðað yrði við [...]% hlutdeild í kostnaði í samræmi við það sem umferðin gæfi til kynna. Að mati stofnunarinnar væri ekki hægt að horfa framhjá þeirri aukningu í umferð sem orðið hefði og eðlilegt að sjónvarpsþjónustan tæki til sína þann kostnað.

Í uppfærðri kostnaðargreiningu Mílu, dags. 29. nóvember 2016, eru eftirfarandi útreikningar á sjónvarpskostnaði:[...]

Niðurstaða Mílu um verð fyrir flutning á sjónvarpsefni (Margvarp, e. Multicast) og myndleigufni (e. Unicast) verður því:

Verð á mánuði pr. Mb/s.....	25,84
-----------------------------	-------

Verðskrá Mílu miðast við fjölda myndlykla (e. set-top box) á hverjum DSLAM. Gert er ráð fyrir að gagnamagn aukist eftir því sem myndlyklarnir eru fleiri. Eftirfarandi tafla sýnir áætlaða gagnaflutningsþörf m.v. fjölda myndlykla:

Fjöldi	Gagna- magn
-9	50
10-29	130
30-49	160
50-99	240
100-199	360
200-399	560
400-	600

2.5.2 Afstaða PFS

Í ákvörðun PFS nr. 21/2014 kemur fram að í kostnaðargreiningu Mílu skuli við verðlagningu á mismunandi þjónustu leggja kostnaðarlegt mat á hlutdeild Internetþjónustu, símaþjónustu (VoIP) og dreifingar myndefnis (IPTV/VoD) í nýtingu bitastraumskerfis Mílu. Til grundvallar skuli leggja fjölda og stærð tenginga, magn umferðar og mismunandi kröfur um forgang og gæðastýringar (e. Quality of Service - QoS) í kerfi Mílu.

Í bréfi Mílu, dags. 5. september 2016, kemur fram að þó að umferð vegna IPTV hafi aukist þá óski Míla eftir óbreyttri skiptingu kostnaðar milli Internets, IPTV og VoIP, þ.e. að hlutdeild margvarps verði áfram [...] % af kostnaði við DSLAM, árgreiðslu búnaðar og fjárbindingu birgða í samræmi við eldri skiptingu. PFS getur ekki fallist á það og með vísun í texta ofangreindrar ákvörðunar þá er [...] % hlutdeild sem umferðin gefur til kynna, lágmarkshlutdeild í kostnaði þar sem ekki er þá tekið tillit til aukins álags vegna forgangs og gæðastýringar. Því er ekki hægt að horfa framhjá þeirri aukningu í umferð sem orðið hefur og eðlilegt er að sjónvarpsþjónustan taki til sín þann kostnað.

Aukin hlutdeild margvarps í kostnaði veldur umtalsverðri hækkun á einingaverðum en að sama skapi kemur sú hækkun til lækkunar á hlutdeild internetsþjónustu í heildarkostnaði og þar með lægri einingaverðum en að öðrum kosti.

2.6 IP talsímaþjónusta (VoIP)

2.6.1 Kostnaðargreining Mílu

Í greiningu Mílu, dags 31. ágúst 2015, kemur fram að mjög fáir endanotendur hafa verið að nota IP talsímaþjónusta yfir koparlínur hjá Mílu. Aðeins séu um [...] slíkar tengingar á kerfi Mílu. Af þeim sökum telji Míla ekki vera ástæðu til að leggja út í kostnaðargreiningu á þessari vöru og leggur því til að verð verði óbreytt áfram. Verðskrá Mílu fyrir IP-talsímaþjónustu (VoIP) verður því áfram eftirfarandi:

Verð á mánuði pr. einingu (EUDP).	55,85
-----------------------------------	-------

Áætlaðar tekjur eru [...] kr. á ári og er sú fjárhæð dregin frá kostnaðargrunni fyrir Aðgangssleið 1.

2.6.2 Afstaða PFS

PFS gerir ekki athugasemd við að verð Mílu fyrir IP talsímaþjónustu verði óbreytt. Eins og fram kemur hér að framan þá koma tekjur af þessari þjónustu til frádráttar heildarkostnaði á aðgangsléið 1 auk þess sem ekki hefur orðið aukning í umferð vegna þessarar þjónustu.

2.7 Aðgangsléið 3

2.7.1 Kostnaðargreining Mílu

Í kostnaðargreiningu Mílu, dags. 31. ágúst 2015, kemur eftirfarandi fram varðandi aðgangsléið 3:

„Míla leigir aðgang að MPLS neti Símans undir umferð á Aðgangsléið 3.

Á vormánuðum 2015 sagði Síminn upp samböndum sem nýtt voru fyrir Aðgangsléið 1 á þeim stöðum þar sem Síminn býður ekki upp á sjónvarpsþjónustu. Ákvað fyrirtækið að flytja sig yfir á Aðgangsléið 3 á sama tíma á þessum stöðum. Aðgangskerfi Mílu verða því að leigja þessi sambönd af Stofnneti Mílu. Þetta leiðir til þess að einingaverð hækkar mikið þar sem verðskrá Símans byggir á meðalverði og því niðurgreiðir fjöldinn á höfuðborgarsvæðinu fámenna staði á landsbyggðinni. Allir staðirnir sem Síminn færði sig yfir á A3 voru mjög litlir staðir í dreifbýli og því er leigulínukostnaður þeirra verulegur pr. notanda. Leiguverð fyrir þá staði sem Míla leigir beint innanhúss er [...] kr.

Míla dreifir þessum kostnaði í sama hlutfalli og Síminn gerir í sinni verðskrá. Verð fyrir flutninginn verður því eftirfarandi:“

[...]

Í uppfærðri kostnaðargreiningu Mílu, dags. 2. desember 2016, er niðurstaðan að verð fyrir Aðgangsléið 3 séu eftirfarandi:

	Flutningur	A1 verð	A3 Samtals
ADSL og VDSL.....	475	728	1.203
ADSL+ 2 Mb/s.....	756	1.652	2.408
ADSL+ 4Mb/s.....	1.023	1.982	3.005
ADSL+ 6 Mb/s.....	1.234	2.147	3.382
ADSL+ 8 Mb/s.....	1.413	2.230	3.643
ADSL+ 14 Mb/s.....	1.746	2.312	4.058
VDSL + 50 Mb/s.....	3.774	2.643	6.416
VDSL + 100 Mb/s.....	5.343	3.304	8.647
SHDSL+ 2 Mb/s.....	873	3.476	4.349
SHDSL+ 4 Mb/s.....	1.234	6.344	7.578
SHDSL+ 5 Mb/s.....	1.690	4.278	5.968
SHDSL+ 10 Mb/s.....	1.951	7.134	9.085
SHDSL+ 15 Mb/s.....	2.389	10.938	13.327
SHDSL+ 20 Mb/s.....	2.760	15.216	17.975

Gert er ráð fyrir óbreyttu stofngjaldi og yfirtöku á xDSL þjónustu:

<i>Stofngjald</i>	<i>3.166 kr.</i>
<i>Yfirtaka á xDSL þjónustu</i>	<i>1.329 kr.“</i>

2.7.2 Afstaða PFS

Verð fyrir aðgangssleið 3 byggir í grundvallaratriðum á forsendum og útreikningum á aðgangssleið 1 að viðbættum kostnaði vegna gagnaflutnings. Míla kaupir í flestum tilfellum flutninginn af Símanum og fer hann þá um MPLS-IP net Símans. Þetta er í samræmi við sátt Samkeppniseftirlitsins og Símans frá 2013 (sem endurskoðuð var árið 2015) enda hefur Míla talið þá leið hagkvæmari en að byggja upp eigin flutningskerfi fyrir þessa þjónustu með því að leigja eigin stofnlínusambönd. Eins og fram kemur hjá Mílu hér að ofan þá býður Síminn ekki lengur upp á tengingu til allra staða um MPLS-IP net sitt og þarf Míla því að kaupa eigin sambönd fyrir þennan flutning í einhverjum tilfellum. Míla skiptir þeim kostnaði niður á tegund tenginga í sömu hlutföllum og annar flutningskostnaður skiptist.

Ofangreind verð fyrir aðgangssleið 3 eru í samræmi við forsendur og útreikninga Mílu sem PFS hefur samþykkt með breytingum.

2.8 Samtengingar internetþjónustuaðila við xDSL og GPON kerfi Mílu vegna aðgangssleiðar 3

2.8.1 Kostnaðargreining Mílu

Í kostnaðargreiningu Mílu, dags. 31. ágúst 2015, kemur eftirfarandi fram varðandi aðgang að lénnum og tengiskilum:

„Í ákvörðun PFS nr. 21/2014 er ekki fjallað sérstaklega um aðgang að lénnum og tengiskilum vegna samtenginga. Þann 23. desember 2014 birti stofnunin ákvörðun nr. 41/2014 varðandi verð og skilmála fyrir lén og tengiskil vegna samtenginga. Míla telur ekki ástæðu til að endurskoða þessi verð að sinni.

Verð fyrir lén og tengiskil eru sem hér segir:“

Lén og tengiskil	
Stofngjald	
Uppsetning á fyrsta léni.....	114.173
Uppsetning á aukaléni.....	29.543
Verð á mánuði:	
Tengiskil allt að 1 Gb/s	9.986
Tengiskil 10 Gb/s	59.921

2.8.2 Afstaða PFS

PFS gerir ekki athugasemd við að verð Mílu fyrir samtengingar internetþjónustuaðila við xDSL og GPON kerfi Mílu vegna aðgangssleiðar 3 verði óbreytt. Verð þessi byggja á verðum Símans og ekki hefur orðið hækkun á þeim verðum frá því Míla hóf að veita þessa þjónustu í kjölfar ákvörðunar PFS nr. 41/2014 og því er ekki tilefni til að breyta þessari gjaldskrá að svo stöddu.

2.9 Aðgangssleið 2

2.9.1 Kostnaðargreining Mílu

Míla lagði fram kostnaðargreiningu fyrir aðgangssleið 2 þann 31. maí 2016. Í greiningu Mílu kemur eftirfarandi fram:

„Greining á aðgangssleið 2 er töluvert snúin. Míla telur að mögulegir viðskiptavinir á Aðgangssleið 2 séu að hámarki tveir og líkur benda til eins og staðan er í dag að aðeins einn viðskiptavinur hafi áhuga á vörinni. Samlegðaráhrif af leigulínukostnaði eru því lítil og jafnvel engin og er því ljóst að verð fyrir aðgangssleið 2 verður miklu hærra en verð á aðgangssleið 3 þar sem þéttbýlisstaðir niðurgreiða leigugjald á aðgangssleið 3 í gegnum MPLS verðskrá.

Margir þættir hafa áhrif á útreikning á leiguverði, t.d. hvaða staði um er að ræða, fjölda notenda á þeim stöðum og bandbreidd sem óskað er eftir. Það er því miklum vandkvæðum bundið að búa til verðskrá þar sem verðforsendur haldast hvort sem viðskiptavinir kjósi að fara í aðgangssleið 2 á viðkomandi stað eða ekki.

Kvaðir eru á Mílu um bókhaldslegan aðskilnað á milli afkomueininga. Samkvæmt þeim er Mílu óheimilt að selja vörur innan Mílu á öðru verði en til annarra aðila. Til þess að geta boðið aðgangssleið 2 verða Aðgangskerfi Mílu því að kaupa leigulínusambönd af Stofnnetinu á sama verði og önnur fjarskiptafyrirtæki. Ef fleiri en einn aðili óskar eftir aðgangssleið 2 er hægt að samnýta þessi sambönd og þannig greiða fjarskiptafyrirtæki hlutfallslega lægra verð en þau hefðu gert ef þau yrðu að leigja samböndin sérstaklega.

Eins og staðan er í dag hefur aðeins einn aðili lýst yfir áhuga á að fá aðgang að aðgangssleið 2 og er því ekki fyrirsjáanlegt að samnýting á leigulínusamböndum sé möguleg. Míla er ekki tilbúin til að láta Aðgangskerfi taka þá áhættu í rekstri að leigja sambönd fullu verði og gera ráð fyrir einhvers konar samnýtingu, þar sem tap af samböndunum getur orðið mikið ef aðeins einn aðili kys þessa þjónustu.

Verðskrá fyrir aðgangssleið 2 verður samkvæmt verðskrá fyrir Ethernetþjónustu og mun Stofnnet Mílu selja þessa þjónustu beint til viðskiptavina.

Að auki greiða viðskiptavinir Aðgangskerfum verð fyrir tengingu við endanotanda samkvæmt verðskrá fyrir aðgangssleið 1.“

2.9.2 Afstaða PFS

PFS fellst á að gjaldtaka Mílu verði með eftirfarandi hætti:

Verðlagning á aðgangssleið 2 verður samkvæmt verðskrá fyrir Ethernetþjónustu og mun stofnnet Mílu selja þessa þjónustu beint til viðskiptavina. Að auki greiða viðskiptavinir fyrir tengingu við endanotanda samkvæmt verðskrá fyrir aðgangssleið 1.

Ef fleiri en einn aðili óskar eftir aðgangssleið 2 á viðkomandi stað þá skal Míla leitast við að samnýta sambönd til viðsemjenda Mílu þannig að þeir njóti lægri einingarverða. Lækkun á einingaverðum skal vera í samræmi við þann hag sem samnýtingin býður upp á. Þetta er í samræmi við það sem fram kemur hjá Mílu um að ef fleiri en einn aðili óski eftir aðgangssleið 2 sé hægt að samnýta þessi sambönd og þannig gætu fjarskiptafyrirtæki greitt hlutfallslega lægra verð en þau hefðu gert ef þau yrðu að leigja samböndin sérstaklega.

2.10 Opinn sýndaraðgangur (VULA)

2.10.1 Kostnaðargreining Mílu

Míla lagði fram kostnaðargreiningu fyrir VULA þann 31. maí 2016. Í greiningu Mílu kemur eftirfarandi fram:

„Stofnkostnaður

Stofnkostnaður Mílu við aðgang að VULA er af tvennum toga. Annars vegar er um að ræða sértækan kostnað vegna hvers viðskiptavinar sem óskar eftir VULA og hins vegar er um að ræða kostnað sem hægt er að nýta fyrir fleiri en einn viðskiptavin.

Þar sem um er að ræða verkefni sem ekki hefur verið lagt í áður hjá Mílu er mjög mikil óvissa um hver raunkostnaður verður. Um er að ræða mikla vinnu í hugbúnaði, bæði innri og ytri vinnu, prófanir og verkumsjón. Útreikningar á stofnkostnaði byggja því eingöngu á mati sérfræðinga hjá Mílu á þeirri vinnu sem framkvæma þarf.

Sértæk vinna:

Þegar viðskiptavinur óskar eftir VULA þarf ávallt að framkvæma eftirfarandi vinnu:

1. *Möguleiki á að auðkenna viðskiptavini:*

Um er að ræða vinnu starfsmanna Aðgangskerfa við eftirlit og prófanir, vinna í Dísu (stjórnunarkerfi aðgangskerfa) og UT-vinnu á þjónustuvef og NMS.

Setja þarf inn stillingar í búnað Aðgangskerfa og forrita möguleikann inn í viðkomandi stoðkerfi svo sem Dísu, þjónustuvef, samskiptagátt og NMS. Einnig er um að ræða utanumhald og prófanir á þjónustunni. Um er að ræða bæði innri og ytri vinnu. Míla metur það svo að vinna við þessa þætti sé um 120 klst.

2. *Sérstök VLAN id á samtengingu og notendabúnaði*

Um er að ræða vinnu starfsmanna Aðgangskerfa við eftirlit og prófanir, vinna í Dísu (stjórnunarkerfi aðgangskerfa) og vinnu á þjónustuvef og NMS.

Setja þarf inn stillingar í búnað Aðgangskerfa og forrita möguleikann inn í viðkomandi stoðkerfi svo sem Dísu, þjónustuvef, samskiptagátt og NMS. Einnig er um að ræða utanumhald og prófanir á þjónustunni. Um er að ræða bæði innri og ytri vinnu. Míla metur það svo að vinna við þessa þætti sé um 110 klst.

3. *Utanumhald, verkefnastjórnun og samskipti við þjónustukaupa á innleiðingartímabili.*

Um er að ræða vinnu sérfræðinga Aðgangskerfa og UT-kerfa sem og vörustjóra Aðgangsneta. Míla metur það svo að vinna við þessa þætti sé um 50 klst.

Það er mat Mílu að kostnaður við að setja upp möguleika á VULA fyrir hvern viðskiptavin sé um 280 klst. Miðað við tímagjald upp á 15.000 kr. er kostnaðurinn 4.200.000 kr.

Vinna sem nýtist fleiri en einum viðskiptavini:

Míla hefur lagt mat á þá vinnu sem nýtist fleiri en einum aðila við VULA:

1. *Mismunandi hraði*



Um er að ræða vinnu starfsmanna Aðgangskerfa við eftirlit og prófanir, vinna í Dísu (stjórnunarkerfi aðgangskerfa) og vinnu á þjónustuvef og NMS. Setja þarf inn stillingar í búnað Aðgangskerfa og forrita möguleikann inn í viðkomandi stoðkerfi svo sem Dísu, þjónustuvef, samskiptagátt og NMS. Einnig er um að ræða utanumhald og prófanir á þjónustunni. Um er að ræða bæði innri og ytri vinnu. Míla metur það svo að vinna við þessa þætti sé um 150 klst.

2. Nýta G.INP villuleiðréttingu

Um er að ræða vinnu starfsmanna Aðgangskerfa við eftirlit og prófanir, vinna í Dísu (stjórnunarkerfi aðgangskerfa) og vinnu á þjónustuvef og NMS. Setja þarf inn stillingar í búnað Aðgangskerfa og forrita möguleikann inn í viðkomandi stoðkerfi svo sem Dísu, þjónustuvef, samskiptagátt og NMS. Einnig er um að ræða utanumhald og prófanir á þjónustunni. Um er að ræða bæði innri og ytri vinnu. Míla metur það svo að vinna við þessa þætti sé um 120 klst.

3. Möguleiki á að nýta SRA

Um er að ræða vinnu starfsmanna Aðgangskerfa við eftirlit og prófanir, vinna í Dísu (stjórnunarkerfi aðgangskerfa) og vinnu á þjónustuvef og NMS. Setja þarf inn stillingar í búnað Aðgangskerfa og forrita möguleikann inn í viðkomandi stoðkerfi svo sem Dísu, þjónustuvef, samskiptagátt og NMS. Einnig er um að ræða utanumhald og prófanir á þjónustunni. Um er að ræða bæði innri og ytri vinnu. Míla metur það svo að vinna við þessa þætti sé um 120 klst.

4. Fjöldi MAC-addressa á hverjum tengiskilum

Um er að ræða vinnu starfsmanna Aðgangskerfa við eftirlit og prófanir, vinna í Dísu (stjórnunarkerfi aðgangskerfa) og vinnu á þjónustuvef og NMS. Setja þarf inn stillingar í búnað Aðgangskerfa og forrita möguleikann inn í viðkomandi stoðkerfi svo sem Dísu, þjónustuvef, samskiptagátt og NMS. Einnig er um að ræða utanumhald og prófanir á þjónustunni. Um er að ræða bæði innri og ytri vinnu. Míla metur það svo að vinna við þessa þætti sé um 150 klst.

5. Stjórnun DLM hjá hverjum endanotanda

Um er að ræða vinnu starfsmanna Aðgangskerfa við eftirlit og prófanir, vinna í Dísu (stjórnunarkerfi aðgangskerfa) og vinnu á þjónustuvef og NMS. Setja þarf inn stillingar í kerfi og búnað Aðgangskerfa og forrita möguleikann inn í viðkomandi stoðkerfi svo sem Dísu, þjónustuvef, samskiptagátt og Network Analyzer-Copper. Einnig er um að ræða utanumhald og prófanir á þjónustunni. Um er að ræða bæði innri og ytri vinnu. Míla metur það svo að vinna við þessa þætti sé um 100 klst.

6. Fleiri VoIP rásir á hverri tengingu

Um er að ræða vinnu starfsmanna Aðgangskerfa við eftirlit og prófanir, vinna í Dísu (stjórnunarkerfi aðgangskerfa) og vinnu á þjónustuvef og NMS. Setja þarf inn stillingar í búnað Aðgangskerfa og forrita möguleikann inn í viðkomandi stoðkerfi svo



sem Dísu, þjónustuvef, samskiptagátt og NMS. Einnig er um að ræða utanumhald og prófanir á þjónustunni. Um er að ræða bæði innri og ytri vinnu. Míla metur það svo að vinna við þessa þætti sé um 60 klst.

Það er því mat Mílu að vinna við forritun og tæknilegar skráningar í kerfi Mílu, á þjónustuvef, Dísu og NMS sé um 700 klst. eða 10.500.000 kr. Gert er ráð fyrir að líftími fjárfestingarinnar sé 5 ár og WACC 7,3% en PFS hefur ákvarðað WACC vegna ársins 2015 7,3%. Árgreiðslan er því 2.581.456 kr.

Míla þarf að greiða hugbúnaðarleyfi fyrir SRA og G.INP og byggir það á fjölda VULA tenginga. Áætlaður kostnaður er [...] kr. eða [...] evrur pr. tengingu. Miðað er við að gengi evrunnar sé 140 kr. og gert er ráð fyrir að kostnaðurinn dreifist á 6,67 ár. Árgreiðslan nemur því [...] kr.

Rekstrarkostnaður

Míla metur annan rekstrarkostnað sem tvöfalda árgreiðslu fjárfestingar og er það í samræmi við hlutfall rekstrarkostnaðar af árgreiðslu í kostnaðargreiningu fyrir markað 5 en hann var tæplega tvöfalt hærri en árgreiðsla fjárfestinga í greiningunni. Rekstrarkostnaður felst að stórum hluta í viðhaldi tölvukerfa og almennri umsýslu og þátttöku í stoðkerfum Mílu. Í raun mætti réttlæta enn hærri rekstrarkostnað en á venjulegum ADSL og VDSL tengingum þar sem flækjustig VULA er mun meira en á aðgangsléið 1. Rekstrarkostnaður er metinn 3.614.039 kr. á ári sem svarar til um það bil 240 vinnustunda á ári.

Fjöldi tenginga

Það er mjög óljóst hvort eða hvaða viðskiptavinir munu óska eftir VULA. Í apríl voru innheimtar tæplega 72 þús. VDSL og GPON tengingar, þar af um 12 þúsund í aðgangsléið 3. Við mat á því hve margar tengingar færu yfir á VULA var fjöldi tenginga á aðgangsléið 1 og 3 skoðaður pr. viðskiptavin.

Hér að neðan má sjá fjölda viðskiptavina og skiptingu tenginga á aðgangsléið 1 og 3:[...]
Gert er ráð fyrir að aðeins [...] geti mögulega kosið að fara í VULA. Einnig er gert ráð fyrir að 50% tenginga [...] í aðgangsléið 3 flytjist yfir á aðgangsléið 1 og verði að VULA tengingum ef viðkomandi fyrirtæki kys að fara í VULA. Þannig fást [...] mögulegir viðskiptavinir með [...] tengingar. Mjög mikil óvissa er um hve margir þeirra munu nýta sér VULA. Það er því gert ráð fyrir að helmingur tenginga og viðskiptavina panti VULA eða 2 viðskiptavinir og [...] tengingar.

Leiguverð:

Í útreikningum á verði fyrir VULA er gert ráð fyrir sérstöku stofngjaldi, 4.200.000 kr. en það samsvarar þeim kostnaði sem Míla telur að verði til vegna hvers viðskiptavinar í VULA aðgangi. Þá er gert ráð fyrir föstu mánaðargjaldi fyrir aðgangi að VULA og mánaðargjaldi pr. tengingu.

Árlegur heildarkostnaður VULA er metinn þannig: [...]

Míla telur edlilegt að hver viðskiptavinur greiði fast mánaðargjald fyrir VULA aðgang án tillits til fjölda tenginga. VULA fylgir töluverð umsýsla og viðhald á tölvukerfum sem er óháð fjölda tenginga. Míla metur fast gjald fyrir VULA aðgang 20% af stofngjaldi eða 840.000 kr. á ári sem samsvarar 70.000 kr. á mánuði.



Gert er ráð fyrir að [...] viðskiptavinir panti VULA aðgang. Árlegar tekjur vegna þeirra verða [...] og verða þær dregnar frá heildarkostnaði. Eftir standa [...] kr. Fjöldi VULA tenginga er áætlaður [...] kr. Leiguverð á einingu verður samkvæmt þessu 79 kr.

Verðskrá fyrir VULA er samkvæmt ofansögðu:

Stofngjald.....	4.200.000 kr.
VULA aðgangsgjald.....	70.000 kr. á mánuði
VULA mánaðargjald.....	79 kr./tengingu

Önnur þjónusta

Sé óskað eftir sérstakri þjónustu annarri en fram kemur í viðmiðunartilboði Mílu, s.s. mælingar úr Network Analyser eða sérstakar upplýsingar varðandi sjónvarpsþjónustu greiddist fyrir þá vinnu samkvæmt útseldri þjónustu Mílu. “

Í tölvupósti til Mílu, dags. 11. nóvember 2016, óskaði PFS eftir frekari skýringum varðandi gjaldskrá Mílu fyrir VULA. Með tilvísun í drög að viðmiðunartilboði Mílu um VULA þjónustu Mílu óskaði PFS eftir nánari skýringu á því hvað væri innifalið VULA gjaldskrá Mílu.

Í svari Mílu, dags. 17. nóvember 2016, lagði fyrirtækið fram ítarlegri upplýsingar um hvernig Míla hygðist innheimta kostnað af þjónustu í tengslum við VULA. Þar kom fram að kostnaðurinn sem um væri að ræða í kostnaðargreiningu fyrir VULA væri eingöngu vegna uppsetningar á VULA og nýtingarmöguleikum þess. Að auki greiði viðskiptavinur verð skv. A1 fyrir hverja tengingu og þjónustu. Miðað yrði við eftirfarandi A1 verðskrá:

	Verð
VDSL.....	728
VDSL + 50 Mb/s.....	2.643
VDSL + 100 Mb/s.....	3.304

VDSL miðist við heimilistengingar með hraðann 50 eða 100 Mb/s.

Í viðmiðunartilboðinu sem sé í vinnslu komi fram tafla með þeim hraðamöguleikum sem í boði séu:

VDSL2, línuhraði og sjónvarpsþjónusta

Vara	Línuhraði niður	Línuhraði upp	Margvarp rásir (fjöldi)	Margvarp CAC
VDSL2 30	30 Mb/s	10 Mb/s	<= 5	<= 30 Mb/s
VDSL2 70	70 Mb/s	30 Mb/s	<= 5	<= 40 Mb/s
VDSL2 100	Max	30 Mb/s	<= 5	<= 40 Mb/s
VDSL2 fyrirtæki 30	30 Mb/s	10 Mb/s	<= 5	<= 30 Mb/s
VDSL2 fyrirtæki 70	70 Mb/s	30 Mb/s	<= 5	<= 40 Mb/s
VDSL2 fyrirtæki 100	Max	30 Mb/s	<= 5	<= 40 Mb/s

Ofangreind tafla sýni þá tæknilegu möguleika sem séu fyrir hendi í stillingum en ekki endilega þá flokkun sem birtist í verðskrá.

Fram kom hjá Míla að sama verð sé fyrir VDSL (728 kr.) hvort sem stillingin í búnaði sé VDSL2 30, 70 eða 100.

Hins vegar sé annað verð fyrir fyrirtækjatengingar. Fyrir þær tengingar sem séu með 30 Mb/s og 70 Mb/s tengingu sé verðið samsvarandi VDSL+ 50 Mb/s (2.643 kr.) og fyrir VDSL fyriræki 100 Mb/s gildir verðið fyrir VDSL+ 100 Mb/s (3.304 kr.). Ástæða þess að verð fyrir 70 Mb/s samsvari verði fyrir VDSL+ 50 Mb/s er sú að ofan á þann hraða bætist við 20 Mb/s vegna sjónvarpsþjónustu.

Verðskráin muni því líta svona út:

	VULA		
	aðgangsgjald	A1	Samtals
VDSL2 30.....	79	728	807
VDSL2 70.....	79	728	807
VDSL2 100.....	79	728	807
VDSL2 fyrirtæki 30.....	79	2.643	2.722
VDSL2 fyrirtæki 70.....	79	2.643	2.722
VDSL2 fyrirtæki 100.....	79	3.304	3.383

Þá upplýsti Míla um að stillingar vegna margvarps (multicast) væru innifaldar í VULA gjaldskránni en multicast yrði rukkað með sama hætti og í aðgangsleið 1.

Þá tilgreindi Míla að aðgangur að tengiskilum væri innifalin í verðinu fyrir VULA eins og kostnaðargreiningunni fyrir A1 væri háttáð.

Hvað varðar spurningu PFS um hvort stofngjaldið væri óháð því á hvað mörgum stöðum viðskiptavinur vildi kaupa VULA þjónustu þá benti Míla á að VULA stofngjaldið væri einskisgjald og hafi viðbótarstaðir því ekki áhrif á kostnað viðskiptavina.

2.10.2 Afstaða PFS

PFS hefur yfirfarið forsendur og útreikninga vegna VULA þjónustu og skoðað gjaldskrár fyrir sambærilega þjónustu í nágrenniþjófum. PFS gerir að svo stöddu ekki athugasemdir við niðurstöðu Míla.

Í forsendum er gert er ráð fyrir að [...] viðskiptavinir séu með aðgang auk þess að lágmarksfjöldi tenginga sé tæplega [...] þúsund tengingar sem tekur mið af fjölda tenginga á aðgangsleið 1 og helming tenginga á aðgangsleið 3.

Um er að ræða nýja þjónustu sem Míla hefur ekki veitt áður og því erfitt að áætla um eftirspurn eftir þjónustunni, auk þess sem mikil óvissa er um kostnað við uppsetningu og rekstur þjónustunnar. Vegna þessa þá telur PFS nauðsynlegt að Míla greini með nákvæmum hætti tímaskráningar og annan kostnað vegna leyfisgjalda, innleiðingar og reksturs VULA aðgangs ef aðgangurinn raungerist. Framangreint verði lagt til grundvallar í endurskoðun á gjaldskránni sem gert er ráð fyrir að verði innan árs frá birtingu ákvörðunar þessarar.

Niðurstaðan er að stofngjald VULA þjónustu Míla verði 4.200.000 kr., mánaðargjöld verði annars vegar fast gjald 70.000 kr./mán. og hins vegar fyrir hverja tengingu 79 kr./mán. VULA verðskrá Míla gildir bæði um VDSL og ljósleiðaratengingar.



2.11 Niðurstaða PFS

Í ákvörðun PFS nr. 21/2014 lagði stofnunin kvöð á Mílu um eftirlit með gjaldskrá vegna bitastraumsþjónustu fyrirtækisins, með heimild í 32. gr. fjarskiptalaga. Með tilvísun í 4. mgr. 32. gr. sömu laga var kveðið á um að gjaldskráin fyrir bitastraumsþjónustu Mílu skyldi vera kostnaðarviðmiðuð að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, sbr. kafla 1.1 hér að framan.

Í samræmi við ákvörðun PFS lagði Míla fram kostnaðargreiningu fyrir bitastraumsaðgang fyrirtækisins þann 31. ágúst 2015. Kostnaðargreiningin er byggð á upplýsingum úr bókhaldi Mílu. Rekstrarkostnaðurinn byggir á rekstrarkostnað Mílu vegna bitastraumsþjónustu félagsins á árinu 2014, en jafnframt var horft til rekstrarkostnaðurs ársins 2015 til samanburðar. Fjárfestingastofn í útreikningum Mílu var byggður á sviptivirði rekstrarfjármuna, þar sem tekið var tillit til næstu kynslóða aðgangsneta (NGA) í samræmi við gjaldskrárkvöð þess efnis.

Við meðferð kostnaðargreiningarinnar hjá PFS var kostnaðarlíkan Mílu uppfært í nokkur skipti í kjölfar athugasemda frá stofnuninni og samþykkir PFS þá niðurstöðu sem fram kemur í kostnaðarlíkani Mílu frá 2. desember 2016. Það líkan sýnir lokaniðurstöðu Mílu með fyrirvara fyrirtækisins um niðurstöðu varðandi kostnað við fjárbindingu.

Í samræmi við þær forsendur sem fjallað er um hér að framan samþykkir PFS þau verð sem tilgreind eru í viðauka I við ákvörðun þessa.



Ákvörðunarorð

Póst- og fjarskiptastofnun samþykkir kostnaðargreiningu Mílu ehf., samkvæmt síðustu uppfærslu á greiningunni sem barst stofnuninni þann 2. desember 2016 með þeim breytingum sem stofnunin mælti fyrir um og tilgreindar eru í ákvörðun þessari.

Verðskrá Mílu fyrir bitastraumsaðgang er í viðauka I við ákvörðun þessa.

Hin nýja verðskrá skal taka gildi samtímis nýrri verðskrá Mílu fyrir aðgang að heimtaugum. Míla ehf. skal tilkynna um gildistöku hinnar nýju verðskrár með a.m.k. 60 daga fyrirvara. Einnig skal Míla uppfæra viðmiðunartilboð um bitastraumsaðgang eigi síðar en við gildistöku ofangreindra verðbreytinga.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 39/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

Reykjavík, xx. febrúar 2017

Hrafnkell V. Gíslason

Óskar Þórðarson

Viðauki